

Ár 2005, 14. apríl, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð i máli nr. 1/2004:

A
og
B,
C,
D og
E.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Arnfríður Einarssdóttir lögfræðingur og sr. Þorbjörn Hlynur Árnason prófastur sem ad hoc nefndarmaður samkvæmt bréfi Biskupsstofu dags. 12. janúar 2005.

Upp er kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er Á sóknarprestur í ...prestakalli, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 28. október 2004. Greinargerðir málshefjanda eru dags. 17. janúar 2005 og 8. mars s.á.

Í erindi málshefjanda kom ekki fram hverjir væru gagnaðilar málsins. Með bréfi dags. 2. desember 2004 óskaði úrskurðarnefndin eftir því að málshefjandi tilgreindi þá einstaklinga sem hann teldi gagnaðila í málinu. Í bréfi dags. 9. s.m. tilgreinir málshefjandi sem gagnaðila B formann sóknarnefndar ...sóknar, C varaformann sömu sóknarnefndar, D djákna í ...sókn og E, prest í sömu sókn.

Úrskurðarnefnd tilkynnti þessum einstaklingum, með bréfi dags. 10. desember 2004, um meðferð málsins. Greinargerðir gagnaðilanna B, C og D eru dags. 15. febrúar 2005 og 11. mars s.á. Greinargerðir gagnaðila E eru dags. 2. febrúar 2005 og 11. mars s.á.

Í greinargerð gagnaðila B og C dags. 15. febrúar 2005 kemur fram að sóknarnefnd ...sóknar telji kröfugerð málshefjanda beinast að sóknarnefndinni í heild sinni og er greinargerðinni skilað sem greinargerð nefndarinnar. Málshefjandi mótmælti því með bréfi dags. 16. febrúar 2005 að litioð yrði á aðra sóknarnefndarmenn en þá sem málshefjandi hefði tilgreint sem gagnaðila, sem aðila málsins.

Úrskurðarnefndin taldi það ekki varða úrlausn málsins hvort gagnaðild takmarkaðist við þá sóknarnefndarmenn sem málshefjandi tilgreinir eða sóknarnefndina alla. Nefndin tók því ekki sérstaka afstöðu til þess erindis, enda var ekki gerð um það formleg krafa.

2. MÁLSMEDFERÐ

Er erindi málshefjanda barst úrskurðarnefndinni 29. október 2004 kom í ljós að skipunartími nefndarinnar var runninn út. Ný úrskurðarnefnd var skipuð með bréfi Biskupsstofu dags. 1. nóvember 2004. Í nefndina voru skipuð Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, sr. Hreinn Hákonarson fangaprestur og Arnfríður Einarssdóttir lögfræðingur.

Málshefjandi fer þess á leit í erindi sínu að nefndin leiti sáttu í málínu. Formaður ritaði málshefjanda því bréf dags. 5. nóvember 2004 og benti á að nefndinni væri ekki ætlað það hlutverk að leita einvörðungu sáttu. Á hinn bóginn bæri henni að kanna hvort grundvöllur væri til sáttu og þá reyna sættir. Þá bæri nefndinni að kanna, áður en málsmeðferð hæfist, hvort viðhlítandi sáttamleitanir hefðu farið fram. Þess var því óskað að málshefjandi upplýsti hvort hann óskaði einvörðungu eftir sáttameðferð eða hvort hann óskaði eftir því að nefndin tæki til meðferðar ágreiningsmál þau sem vísað væri til í erindinu.

Sama dag ritaði formaður bréf til biskups og tilkynnti að erindið hefði borist nefndinni. Í bréfinu var þess farið á leit að embætti biskups upplýsti nefndina um hvort viðhlítandi sáttamleitanir hefðu farið fram í málínu. Jafnframt var þess óskað að nefndinni yrðu send öll þau gögn sem um málið kynnu að vera hjá Biskupsstofu.

Biskupsstofa sendi nefndinni öll gögn málsins með bréfi dags. 18. nóvember 2004. Í bréfinu kemur fram að prófastur ...prófastsdæmis, F, hafi reynt sættir í málínu. Þegar einsýnt hafi orðið að sættir tækjust ekki hafi hann vísað málínu til biskups. Áður hafi vígslubiskup G komið að málínu að ósk málshefjanda og með samþykki sóknarnefndar og prófasts. Hann hafi árangurslaust reynt að ná sáttum í málínu. Biskup Íslands hafi fundað með málsaðilum og leitast við að koma á starfsfriði í sókninni. Þeir fundir hafi engan árangur borið. Biskup hafi þá reynt að leysa málið með því að bjóða málshefjanda og starfsfólk söknarinnar starfshandleiðslu í því skyni að starfsfriður næðist. Málshefjandi hafi hafnað því boði. Þegar ljóst var orðið að starfsfriður næðist ekki ákvað biskup að bjóða málshefjanda annað preststarf. Málshefjandi hafnaði því boði tafaralaust. Biskup ítrekaði boð sitt um flutning í starfi á fundi með málshefjanda og lögmanni hans. Málshefjandi tók sér umþöttunartíma til að taka ákvörðun en svaraði ekki tilboðinu. Á sama tíma vísaði málshefjandi málínu til úrskurðarnefndar. Biskupsstofa liti því svo á að málshefjandi hefði öðru sinni hafnað tilboði biskups um flutning í annað starf.

Með bréfi dags. 18. nóvember 2004 tilkynnti málshefjandi að hann óskaði eftir því að nefndin fjallaði um þá alvarlegu stöðu sem upp væri komin í ...sókn. Í bréfinu var þess jafnframt óskað að sr. Hreinn Hákonarson viki sæti við meðferð málsins vegna tengsla hans við E.

Úrskurðarnefnd fundaði fyrsta sinni um málið 2. desember 2004. Á fundinum ákvað nefndin að taka erindið til meðferðar þar sem hún taldi það uppfylla skilyrði málsmeðferðar lögum sambkvæmt. Óljóst væri þó hverjir væru gagnaðilar í málínu. Nefndin ritaði því málshefjanda bréf sama dag og óskaði eftir því að hann tilgreindi nánar gagnaðila málsins.

Með bréfi dags. 9. desember 2004 tilkynnti málshefjandi að gagnaðilar í málínu væru B formaður sóknarnefndar ...sóknar, C, varaformaður sóknarnefndar, D djákni við sóknina og E prestur í sókninu.

Úrskurðarnefnd hélt fund 10. desember 2004. Sr. Hreinn Hákonarson tilkynnti að hann hefði ákveðið að víkja sæti við meðferð málsins. Formanni var falið að tilkynna varamanni hans, dr. Arnfríði Guðmundsdóttur dósent, um að hún þyrfti að taka sæti í nefndinni. Á fundinum var formanni falið að tilkynna þeim aðilum sem málshefjandi hafði tilnefnt sem gagnaðila, um málið. Jafnframt var málshefjanda veittur frestur til 17. janúar 2005 til að skila greinargerð þar sem fram kæmi nákvæm kröfugerð í málínu.

Með bréfum dags. 10. desember 2004 var málsaðilum gerð grein fyrir ofangreindu og gagnaðilum send öll gögn málsins.

Dr. Arnfríður baðst undan því að taka þátt í meðferð málsins vegna fæðingarorlofs. Formaður leitaði þá til Biskupsstofu og var sr. Þorbjörn Hlynur Árnason prófastur skipaður ad hoc til setu í nefndinni með bréfi dags. 12. janúar 2005.

Greinargerð málshefjanda var afhent á fundi 17. janúar 2004. Þar var gerð sú krafð að gagnaðilar E og D vikju úr starfi meðan málid væri til meðferðar hjá nefndinni. Á fundi nefndarinnar var eftirfarandi bókaði vegna þeirrar kröfum:

Skv. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 getur nefndin, ef mál varðar meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærstu prests sérstaklega, lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans er fjallað og skal þá annar settur til að gegna starfi hans á meðan. Miðað við fyrirliggjandi gögn og meðalhófsreglu stjórnsýsluðaga telur nefndin ekki ástæðu til að leggja til að E og D díjakna verði vikið frá störfum meðan fjallað er um málid.

Málsaðilum var tilkynnt þessi bókun með bréfi sama dag.

Í greinargerð málshefjanda var þess og óskað að nefndin kannaði hvort frekari gögn væru um málid hjá Biskupsstofu. Með bréfi sama dag til biskups var þess því óskað að kannað yrði hvort frekari gögn væru hjá embættinu og var þess sérstaklega óskað, að beiðni málshefjanda, að kannað yrði með tölvupóstsamskipti milli gagnaðila D og Biskupsstofu.

Á fundinum 17. janúar var gagnaðilum gefinn frestur til 8. febrúar 2005 til að skila greinargerðum sínum. Lögmaður gagnaðila B og C og D óskaði síðan eftir víku framlengingu frestsins og var orðið við því. Gagnaðilar skiliðu greinargerðum sínum á fundi nefndarinnar 15. febrúar 2005. Á þeim fundi var ákveðið að munnlegur málflutningur vegna málsins færi fram 8. mars 2005. Sameiginlegur gagnaöflunarfrestur var ákveðinn 4. mars s.á.

Frekari gögn um málid bárust frá Biskupsstofu með bréfi dags. 25. janúar 2005 og voru þau send málsaðilum og lögð fram á fundi nefndarinnar 15. febrúar 2005.

Lögmenn óskuðu síðar eftir því að fallið yrði frá munnlegum málflutningi og að málid yrði þess í stað skriflega flutt fyrir úrskurðarnefndinni. Nefndin félst á þær óskir. Gagnaöflunarfrestur var óbreyttur og bárust fjölmörg ný skjöl innan þess frests. Málshefjanda var veittur frestur til 8. mars 2005 til að skila viðbótargreinargerð og gagnaðilum var veittur frestur til 11. mars s.á. vegna hins sama. Á fundi sem haldinn var þann dag tók nefndin málid til úrskurðar.

3. KRÖFUGERÐ MÁLSAÐILA

3.1 Kröfuggerð málshefjanda

Málshefjandi gerir eftirfarandi kröfur:

1. Að gagnaðilum B og C verði veitt éminning í samræmi við a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 vegna framgöngu þeirra gagnvart málshefjanda og þeim veitt fyrmæli um rétta starfshegðun.
2. Að gagnaðilar D og E verði flutt til í starfi í samræmi við b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.
3. Að á málshefjanda verði ekki lagður kostnaður vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 19. gr. starfsreglna nr. 730/1998, eins og þeim síðar befur verið breytt.

3.2 Kröfugerð gagnaðila B og C.

Gagnaðilar B og C gera eftirfarandi kröfur: Aðallega:

1. Að hafnað verði kröfu málshefjanda um að þeim verði veitt áminning og veitt fyrirmæli um rétta starfshegðun skv. a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.
2. Að mælt verði fyrir um það að málshefjandi skuli fluttur til í starfi.

Til vara:

1. Að málshefjanda verði veitt áminning og honum sett fyrirmæli um rétta starfshegðun skv. a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

3.3 Kröfugerð gagnaðila D

Gagnaðili D gerir eftirfarandi kröfur: Aðallega:

1. Að hafnað verði kröfu málshefjanda um að hún verði flutt til í starfi.
2. Að mælt verði fyrir um það að málshefjandi skuli fluttur til i starfi sbr. b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

Til vara:

1. Að málshefjanda verði veitt áminning og honum sett fyrirmæli um rétta starfshegðun skv. a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

3.4 Kröfugerð gagnaðila E

Gagnaðili E gerir eftirfarandi kröfur:

Að öllum kröfum málshefjanda á hendur honum verði hafnað. Þá krefst hann þess að sóknaraðili verði beittur viðurlögum samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 fyrir tilhæfulausar kröfur á hendur honum og aðdröttanir um aga- og trúnaðarbrot.

4. MÁLA VEXTIR

Upphaf máls þessa er það að á fundi sóknarnefndar í ...sókn 29. janúar 2004 kvaddi gagnaðili E sér hljóðs og las upp kvörtunarbréf í garð málshefjanda. Málshefjandi segir atvikið hafa komið sér í opna skjöldu þar sem hann hafi ekki vísat um óánægju hennar og hún hafi aldrei kvartað yfir samstarfinu við hann fyrr en á þessum fundi.

Gagnaðilar fullyrða hins vegar að langvarandi óánægja hafi verið í sókninni með samstarfið við málshefjanda. Mjög fljótlega efir að málshefjandi hóf störf hafi farið að bera á margvíslegum samskiptaðrúgleikum milli hans og starfsmanna við ...sókn. Af þessum sökum hafi á starfstíma málshefjanda margt hæft fólk horfið frá störfum við sóknina.

Nokkrar umræður urðu á sóknarnefndarfundinum 29. janúar um kvörtunarbréf gagnaðila D. Málshefjandi kvartar yfir því að hann hafi ekki fengið tækifæri til að andmæla fullyrðingum þeim sem þar hafi komið fram, m.a. með því að honum hafi framan af verið neitað um afrit bréfssins. Þá kvartar málshefjandi yfir því að hafnað hafi verið beiðni hans um fund með sóknarnefnd til að fara yfir málið. Gagnaðilar fullyrða á hinn bóginn að málshefjandi hafi þegar á fundinum gripið til varna og svarað fyrir sig með þeim hætti að gagnaðili C sá sig knúinn til að grípa inn í áður en umræður yrðu það meiðandi að ekki

yrði aftur snúið. Ástæðulaust hafi því verið að halda annan fund með sóknamefnd vegna þessa.

Í fundargerð sóknamefndar er bókað undir dagskráliðnum starfsmannamál:

D hóf mál á því að það væri verkefni fyrir sóknamefnd að greiða fyrir þokkalegu samstarfi meðal starfsmanna og rakti nokkur dæmi um verkefni sem ekki hefði orðið samstaða um, þar á meðal 12 spora námskeið. E sagðist ekki svara að sinni en varðandi 12 spora námskeiðið væru ágallar á framsætingu þess efnis. Samþykkt var að formaður og ritari fengju með sér einn mann til að fara yfir starfsmannamál í kirkjunni.

Málshefjandi leitaði þá til F prófasts í ...prófastsdæmi og áttu þeir fund 2. febrúar 2004 að frumkvæði málshefjanda. Málshefjandi fullyrðir að prófastur hafi i fyrstu sagst vera undrandi yfir því að málshefjandi fékk aldrei tækifæri til að sjá umrætt athugasemdaréf eða koma að sínum skýringum við það. Siðar hefði prófastur skipt um skoðun og talið ekkert athugavert við það að málshefjandi fékk ekki afrit þess. Að þessu atriði er ekki vikið í minnispunktum prófasts dags. 14. apríl 2004 um þá fundi sem hann hélt með málsaðilum.

Prófastur átti sama dag fund með gagnaðilum B og C. Málshefjandi segist hafa lagt til að hann yrði einnig viðstaddir þann fund en af því hafi ekki orðið þar sem gagnaðilar B og C hafi lagst gegn því. Málshefjandi telur ljóst af áðurnefndum minnispunktum prófasts að gagnaðilar B og C hafi sagt prófasti að hann hafi átt i samstarfsferfiðleikum við aðra starfsmenn sóknarinnar, sóknamefndarfólk og fleiri. Málshefjandi telur þetta hafa orðið til þess að prófastur breytti afstöðu sinni og gekk út frá því frá byrjun að málshefjandi væri blóraböggull í málinu, eins og gagnaðilar B og C héldu fram. Öll meðferð málsins hafi í frambaldi af þessu borið merki þessarar fyrirfram ákveðnu afstöðu prófasts. Þessu mótmæla gagnaðilar B og C og benda á að hér sé málshefjandi að vísa til fundar sem hann hafi ekki verið á. Þessir gagnaðilar fullyrða að öll vinnubrögð prófasts við sáttameðferðina hafi verið fagleg og eðlileg. Í minnispunktum prófasts um þennan fund kemur fram að gagnaðili B hafi lesið athugasemdaréf gagnaðila D fyrir prófast. Þar kemur og fram að prófastur valdi ræðu djáknans ekki þess eðlis að hún væri vitaverð, hins vegar hefði djákninn mátt vita að ræðan myndi koma illa við sóknarprestinn á þessum vettvangi.

Af minnispunktum prófasts má ráða að efir fundina 2. febrúar hafi hann hafist handa við að leita sáta með aðilum. Hann fundaði 3. febrúar með gagnaðila D og gagnaðila E. Gagnaðili E tjáði honum að málshefjandi hafi átt gagnrýni gagnaðila D skilda. Samstarf hans og málshefjanda hefði gengið skrikkjótt og m.a. var erfitt að ganga frá samstarfssamningi þeirra. Hinn 5. febrúar fundaði prófastur bæði með málshefjanda og með gagnaðilum B og C.

Hinn 10. febrúar 2004 boðaði prófastur málshefjanda og gagnaðila D á sáttafund. Áður hafði prófastur haft símasamband við kirkjuvörð og organista en hvorugur taldi ástæðu til að kvarta undan samstarfi við málshefjanda. Þeir töldu báðir talsverða spennu vera oft milli samstarfsfólks í söfnuðinum. Auk þess skýrði organisti frá deilu sem upp hafði komið vegna færslu á orgeli. Þar hefði málshefjandi gengið gegn vilja organista, kórfolks og samþykkt sóknamefndar um tilrauna færslu orgels. Á fundinum óskaði prófastur efir því að gagnaðili D bæði málshefjanda afsökunar á því hversu hörð gagnrýni hennar hefði verið. Hún kvaðst fús til þess en sagðist ekki geta tekið aftur þá efnislegu gagnrýni sem hún setti fram. Málshefjandi hefði ekki getað sætt sig við framkomu gagnaðila D og þrátt fyrir jákvæð viðbrögð í fyrstu gekk málshefjandi af fundi áður en honum lauk og áður en sættir hofðu náðst. Hann sagðist ætla að fá lögfræðilega aðstoð til þess að

segja gagnaðila D upp störfum ef sóknarnefndin vildi ekki skrifa henni uppsagnarbréf. Prófastur segir í minnispunktum sínum að hann hafi bent málshefjanda á það að hann væri að fara af sáttafundi áður en honum væri slitið og áminnt hann um að framkoma hans samræmdist ekki þeirri frankomu sem presti bæri að sýna við aðstæður sem þessar.

Prófastur segist í kjölfarið hafa haft símasamband við biskup og gert honum ítarlega grein fyrir málinu.

Prófastur hélt fund 23. febrúar með gagnaðilum D og E.

Gagnaðilar höfðu óskað eftir fundinum. Þau komu þær í framt með gagnrýni á málshefjanda og sögðu hann halda upplýsingum fyrir sig, upplýsingaflæði væri ekki eðlilegt, hann værn ofurviðkvæmur, teldi gagnaðila djákna og prest mynda samsæri gegn sér, erfitt væri að eiga eðlileg samskipti við hann, hann sýndi yfirlang i samstarfi og færi sínu fram án eðlilegs samráðs ef honum sýndist svo.

Prófastur skýrir frá því að hann hafi haldið sáttafund 24. febrúar með málshefjanda og gagnaðila D eftir að málshefjandi hefði haft samband fyrir helgina og óskað eftir að ganga til sátra við djáknannu. A fundinum hafi málshefjandi og gagnaðili D handsalað sættir í málinu. Málshefjandi hafi óskað eftir því að hann og djákni héldu reglulega fundi. Djákni hafi ekki talið það nauðsynlegt og færst undan því. Málshefjandi hafi sæst á það enda hafi prófastur bent á það að starfsmannafundir væru vikulega í sókninni og auk þess funduðu prestarnir vikulega. Taldi prófastur nægja að djákni væri með prestunum á fundi einu sinni í mánuði. Hafi verið á það sæst. Stefnt væri að öðrum fundi um nánari útfærslu á samstarfi málshefjanda og gagnaðila D. Prófastur átti síðan fundi með þeim 8. og 23. mars. Fram kemur í minnispunktum eftir seinni fundinn að engin teljandi

ágreiningur væri uppi.

Prófastur skýrir frá því í minnispunktum sínum að gagnaðili E hafi haft símasamband og undrast að hann væri ekki aðili að fundum prófasts með málshefjanda og gagnaðila djákna. Prófastur segist hafa minnt E á það að hann hefði fyrir í ferlinum ekki talið sig aðila að deilum málshefjanda og gagnaðila djákna. Gagnaðili E hafi þá sagt að svartæða málshefjanda á sóknarnefundarfundinum 29. janúar 2004 hefði verið gagnrýni á sig og fleiri starfsmenn sóknarinnar og því væri full ástæða til þess að málshefjandi bæði sóknarnefnd og starfsfólk afsökunar á sama vettvangi. Í samtalinni hefði gagnaðili E síðan rakið margt sem hann taldi málshefjanda til ávirðinga í samstarfi þeirra Lauk samtalinni með því að prófastur lagði til að hann héldi fund með prestunum.

Prófastur hélt fund með gagnaðilum B og C 29. mars 2004. Í máli C kom fram að málshefjandi hefði í símtali þann dag eða deginum áður tjáð honum að hann krefðist þess að sóknarnefnd sendi djáknanum áminningarbréf vegna ræðunnar 29. janúar. Á fundinum kom fram að gagnaðilar B og C litu þessi ummæli málshefjanda alvarlegum augum enda virtist hann leika tveim skjöldum, annars vegar hefðu sættir verið handsalaðar og hins vegar leitaði hann leiða til að áminna eða jafnvel reka djáknann. Þessir gagnaðilar sögðust báðir vera orðnir langþreyttir á þeim vandamálum sem tengdust málshefjanda. M.a. hefði verið stungið upp á því að setja málshefjanda two kosti, annars vegar að hann taki handsalaða sáttargjörð alvarlega og í framhaldi myndi sóknarnefnd skipuleggja vinnustaðaþjálfun undir handleiðslu sálfræðings sem ætlað væri að starfa í nánu sambandi við prófast. Prestar og djákni skyldu taka þátt í þessu prógrammi og jafnvel fleira starfsfólk sóknarinnar. Hins vegar væri sá kostur að málshefjandi sæti við sinn keip og neitaði sáttum í reynd og þá yrði deilunni vísað til biskups og úrskurðarnefndar kirkjunnar.

Hinn 1. apríl 2004 fundaði prófastur með málshefjanda og gagnaðilum B og C. Í máli málshefjanda kom fram að hann teldi gagnaðila djákna hafa rofið sáttargjörð sem handsoluð hefði verið. Því hefði hann leitað til lögfræðinga og það hefði hann talið nauðsynlegt til að leita réttar síns. Prófastur innti hann eftir því með hvaða hætti djákni hefði rofið sáttargjörðina. Málshefjandi skýrði þá frá því að hann hefði á starfsmannafundi skýrt frá því að á hans vegun yrði útför í ...kirkju á þriðjudagi. Djákni hefði þá bent á það að samþykkt hefði verið í fyrta á starfsmannafundi að hafa ekki erfisdrykkjur í kirkjunni á þriðjudögum vegen að skunar á starfi með eldri borgurum. Málshefjandi sagði djákna ekki hafa brugðist þannig við fyrir í veturn þegar E hefði verið með útsört í kirkunni á þriðjudagi og erfisdrykkju á eftir. Prófastur innti málshefjanda eftir því hvort þetta væri ástæða til að líta svo á að sáttargjörð hefði verið rofinn. Málshefjandi taldi svo vera. Prófastur innti þá málshefjanda eftir því hvort ekki hefði verið eðlilegt að hafa þá samband við prófast fremur en að leika tveimur skjoldum: Hafa sæst við samstarfsmann sinn en leita samt til lögfræðinga til að leita réttar síns á sama tíma. Prófastur segir málshefjanda hafa talið þetta eðlilega framgöngu. Jafnframt hafi hann itrekað þau atriði sem hann hefði sett á oddinn í upphafi. Málshefjandi hefði og lagt áherslu á það að hann þyrfti að fá plaggið sem gagnaðili djákni hefði lesið upp 29. janúar. Hann ætti rétt á því að framkvæmdanefnd kæmi saman og hann fengi að skýra málavöxtu frá sinni hlið á þeim fundi. Hann krafðist þess einnig að djákni fengi skriflega áminningu frá sóknarnefnd. Djákni hefði aldrei iðrast frankomu sinnar á sóknarnefndarfundinum. Prófastur segist hafa leiðrétt þessa fullyrðingu og minnt málshefjanda á það að djákni hefði beðið fyrirgefningar á því að hafa sett gagnrýnina fram með þeim hætti sem gert var og málshefjandi hefði tekið þá afsökunarbeiðni til greina með handsali. Á fundinum lagði prófastur fram svohljóðandi sáttaskjal:

Vegna ágreinings, sem kom upp í kjölfar gagnrýni djákna á störf sóknarprests á sóknarnefndarfundi í ...sókn 29. jan. 2004, gera sóknarprestur og sóknarnefnd móð sér svofelt samkomulag: Sóknarprestur skal virða þá sáttargjörð sem handsoluð var milli hans og djáknans 24. febrúar sl. og hyggja ekki á frekari eftirmál og skal allur ágreiningur málínus tengdur vera úr sögunni hér með og ekki til frekari umræðu. Eftir sem áður er D djákni í ...sókn samkvæmt samningi þar að ljúlandi. Sóknarnefnd skipuleggur vinnustaðabjálfun undir handleiðslu sálfræðings sem starfsmenn sóknarinnar skulu taka þátt í skv. nánara samkomulagi við þá hvern fyrir sig. Handleiðslan, skipulag hennar og framkvæmd, skal unnin í samráði við prófast ...prófastsdæmis. Verði samkomulag þetta ekki haldið skal málínus þegar í stað vísað til biskups.

Prófastur segir málshefjanda hafa verið ófáanlegan til þess að undirrita þetta skjal m.a. vegna þess að hann leit svo á að djákni slyppi við alla ábyrgð. Prófastur segir fundinum hafa lokið með því að hann hafi slitið honum og málshefjandi hafi horfið af veitvangi án þess að kveðja. Prófastur, gagnaðilar B og C hafi rætt framhald málins og gagnaðili B óskaði eftir því að prófastur kæmi á fund sóknarnefndar og greindi henn í frá gangi málins og sáttauðleitunum.

Prófastur segir í minnispunktum sínum að hann hafi eftir fundinn átt ítarlegt samtal við biskupsritara.

Prófastur átti fund með sóknarnefnd 6. apríl. Hann segist hafa reifað málíð, rakið afskipti sín af málínu, lagt mat á málavöxtu og opnað umræðu með sóknarnefndarfólki. Prófastur segir umræður hafa verið gagnlegar og að ljóst var að sóknarnefndarfólk hafði áhyggjur af málínu. Einn sóknarnefndarmaður, H. bauðst til að gera tilraun til að fá málshefjanda til sáttar. Prófastur segist hafa lýst sig fylgjandi því en jafnframt skýrt frá því að hann myndi ekki gera frekari tilraunir til sáttar heldur vísa málínu til biskups.

Prófastur skýrir frá því í minnispunktum sínum að sóknarnefndarmaðurinn hafi notað bænadagana í sáttavinnu sína og hann hafi bringt öðru hverju í sig til að láta hann fylgjast með. Sóknarnefndarmaðurinn hafi m.a. endurritað sáttaskjal prófasts og bætt þar inn klausu um djáknann og gert ráð fyrir undirskrift hennar á plaggið. Málshefjandi hafi þá farið þá óvæntu leið að hafa samband við vigslubiskupinn í Skálholti og sagst myndu undirritað skjalið yrði, hann viðstaddir. Vigslubiskup hafi gengist inn á betta án þess að ræða við prófast. Prófastur hafi bringt í vigslubiskup að kvöldi fóstudagsins langa. Vigslubiskup hafi ekki mátt vera að því að tala við hann vegna erubættisanna, nema örstutt. Á fundi í xxx laugardagsmorgun fyrir þásk var skjalið samþykkt án undirritunar og var litið svo á að þar með hefðu sættir verið endurvaktar. Málið hefði farið í hendur sálfræðings sem átti að skoða það ítarlega.

Í minnisblaði sóknarnefndarmannsins H um þennan fund 10. apríl kemur fram að í stað þess að skrifa undir samkomulagstexta sem hann hafi lagt fram hafi samkomulagið verið afgreitt með yfirlýsingum um samþykki hvers og eins málsaðila á fundinum, vottað af öðrum viðstöddum sem voru málshefjandi, gagnaðilar formaður og varaformaður sóknarnefndar og djákni, vigslubiskup og H sóknarnefndarmaður. Endanlegur texti samkomulagsins er svohljóðandi:

Til lausnar ágreinings í kjölfar gagnrýni djákna á störf sóknarprests á sóknarnefndarfundi ...sóknar þann 29. janúar 2004, þá gera sóknarnefnd, sóknarprestur og djákni með sér svofellt samkomulag: Sóknarprestur og djákni lofa að virða þá sáttargjörð, sem þau handsöluðu þann 24. febrúar sl., og vinna skv. erindisbréfum sínum og starfslysingum. Jafnframt lýsa aðilar samkomulagsins því yfir, að þeir hyggja ekki á frekari efturmál vegna þessa og skal allur ágreiningur málín tengdur vera úr sögunni og ekki til frekari ururðu. Sóknarnefnd mun ráða sálfræðing til vinnustaðabjálfunar, sem starfsmenn sóknarinnar munu taka þátt í.

Í minnisblaðinu kemur fram að í þessu felist einnig að málshefjandi falli frá kröfu sinni um sóknarnefndarfund, þar sem hann greini frá sinni hlíð mála.

Málshefjandi lýsir fundarhöldum með prófasti svo að hann hafi haldið nokkra fundi með sér og gagnaðila D þar sem farið hafi verið yfir málín vitt og breitt en ekki unnið með sérstakar athugasemdir djáknans. Málshefjandi hafi á ný óskað eftir því að fá að sjá athugasemdbréfið til að geta borið hönd fyrir höfuð sé en prófastur hafi ekki orðið við því. Eftir nokkra fundi hafi prófastur haldið fund með málshefjanda og gagnaðilum B og C A fundinum hafi prófastur dregið upp heilindayfirlýsingum sem hann ætlaðist til að málshefjandi ritaði einn undir. Hann hafi ekki verið tilbúinn til að skrifa undir yfirlýsinguna heldur lýst því yfir að honum bætti eðlilegt að gagnaðili D og hann skrifuðu þær undir slika yfirlýsingum. Hafi prófastur þá tjáð honum að ef hann skrifði ekki undir yfirlýsinguna yrði málín sent til biskups. Málshefjandi taldi engu að síður ekki rétt að skrifa undir slika einhljóða yfirlýsingum. Lauk fundinum þar með og sáttaserli prófastsins sem að mati málshefjanda stóð ekki undir þeim vætingum sem gerðar voru til hans við aðkomu hans að málín. Gagnaðilar sega tilefni heilindayfirlýsingarinnar hafa verið það að málshefjandi hefði ítrekað brotið handsalaðar sættir milli hans og gagnaðila D. Því hafi prófastur óskað eftir undirritum hans á heilindayfirlýsinguna og talið ónauðsynlegt að gagnaðili D undirritaði hana líka þar sem hún hefði haldið sáttuna.

Málshefjandi segir að í framhaldi þessa fundar hafi sóknarnefnd fundað um málín 7. apríl 2004. Þar bafi komið fram skiptar skoðanir varðandi þá afstöðu prófasts og gagnaðila B og C að málshefjandi bæri alla sök á ágreiningi milli málshefjanda og gagnaðila D.

Málshefjandi hafi ekki verið boðaður á fundinn, eins og lög kveða á um. A þennan fund mættu prófastur og gerði sóknarnefnd grein fyrir niðurstöðum sínum

varðandi málshefjanda, sem málshefjandi segir hann þó ekki hafa kynnt fyrir honum. Gagnaðilar B og C fullyrða að fundurinn 7. apríl hafi ekki verið sóknarnefndarfundur og að starfsmenn hafi ekki verið boðaðir til fundarins.

Málshefjandi segir það næst gerast í málinu að sóknarnefndarmaðurinn H hafi tekið það að sér að skrifa nýja yfirlýsingu sem málshefjandi og gagnaðili D myndu skrifa undir. Af því hafi þó ekki orðið þar sem G, vigslubiskup í Skálholti, sem gegndi á þessum tíma embætti biskups, lét sig málid varða í millitiðinni. Vigslubiskup hafi hinn 10. apríl 2004 boðað alla aðila málsins á sinn fund þar sem hann kvaðst telja óþarsa að skrifa undir nokkra yfirlýsingu heldur myndi það nægja að málshefjandi og gagnaðili D lýstu því yfir í hans viðurvist að málinu væri lokið og að báðir aðilar myndu starfa af heilindum að kirkjulegu starfi. Samþykktu báðir aðilar þessi málalok, ásamt H sóknarnefndarmanni og gagnaðilum B og C Ákveðið var að leita til 1, vinnustaðasálfræðings til að aðstoða við það að bæta vinnuandann og var það samþykkt af öllum, einnig málshefjanda.

Málshefjandi fer þungum orðum um vinnubrögð sálfræðingsins. Hann hafi virt að vettugi þá sátt sem heitið var hjá vigslubiskupi. Sálfræðingurinn hafi tekið nokkur viðtöl við hlutaðeigandi. Niðurstöður hans segir málshefjandi hafa verið eins og gagnaðilar B og

C höfðu óskað eftir, að allan samskiptavanda í kirkjunni mætti rekja til hans. Í því sambandi bendir málshefjandi sérstaklega á eftifarandi ummæli í greinargerð sálfræðingsins frá 30. júlí 2004:

Þann 10. apríl sl. átti ég fyrst fund með formanni og varaformanni sóknarnefndar ...sóknar, B og C. Við það tækifæri röktu formaður og varaformaður kirkjunnar í stórum dráttum þær langvinnu deilur, óeiningu og samskiptaerfiðleika sem þeir sögðu að einkennt hefðu samskiptin við sóknarprest kirkjunnar, A, allt frá þeim tíma sem hann fyrst kom til starfa í kirkjunni fyrir rúmlega sjö árum. Samskiptaörðugleikarnir hafa tengst samstarfi sóknarprests við djákna kirkjunnar, D, en einnig samskipti við prest kirkjunnar, E, við sóknarnefndarfólk og við sjálfboðaliða, þar á meðal listanefnd. Einnig kom fram í máli þeirra að á undangengnum árum hefðu a.m.k. sjö manns (starfsmenn og nefndarfólk) hætt störfum í kirkjunni sökum erfiðleika í samskiptum við sóknarprestinn.

Gagnaðilar B og C fullyrða á hinn bóginn að óánægja málshefjanda með starf sálfræðingsins eigi rætur að rekja til þess að hann vildi ekki una niðurstöðu hans, sem var sú að rót vandans væri ekki að rekja til óljósra starfslýsinga eða ófullkomins skipulags. Sálfræðingurinn hafi talið ófært að leysa málid þar sem málshefjandi reyndist ófáanlegur til að ræða þau vandamál sem að honum snéru. Gagnaðilar benda á að niðurstaða sálfræðingsins hafi verið sú að samskiptavandinn væri ekki tengdur öðrum orsakabáttum en óásættanlegri hegðun og viðbrögðum málshefjanda í samskiptum hans við samstarfsmenn.

Málshefjandi kvartaði yfir vinnubrögðum sálfræðingsins til landlæknis. Landlæknir komst að því i álítsgerð sinni frá 17. desember 2004 að ástæða væri til að finna að störfum sálfræðingsins. Hann hefði rofið þagnarskyldu sína sem heilbrigðisstarfsmaður þegar hann tók að bera niðurstöður sínar varðandi málshefjanda í sóknarnefnd og starfsmenn kirkjunnar án þess að kynna þær fyrir málshefjanda. Þá hefði sálfræðingurinn ekki tekið saman skriflega niðurstöður sínar fyrir en mánuðum eftir að hann hitti málshefjanda og eftir að hann hefði óskað eftir að fá aðgang að þeim.

Gagnaðilar benda á að sálfræðingurinn hafi mótmælt fullyrðingum í greinargerð landlæknis og segir margt benda til að umsögn landlæknis sé á misskilningi byggt. Ástæða þess að ekki var strax greinargerð um vinnu sálfræðingsins hafi verið sú að hlifa málshefjanda

Þar sein ljóst var að slík skýrsla yrði honum ekki hagstæð. Gagnaðilar benda á að niðurstaða landlæknis breyti engu um réttunæti þeirra niðurstaðna sein sálfræðingurinn gerir grein fyrir í skýrslu sinni. Í álitsgerð landlæknis felist ekki gagnrýni á niðurstöðu sálfræðingsins enda skýrt tekið fram þar að ekki hafi verið tekin afstaða til efnisatriða þeirra deilna sein sálfræðingnum var falið að leita lausna á.

Sóknarnefnd ritar bréf til biskups dags. 23. maí 2004. Efni bréfsins er samstarfserfiðleikar í ...sókn. Er þar skýrt frá forsögu málsins og því sem gerst hafði frá sóknarnefndarfundinum 29. janúar 2004. Í bréfinu segir m.a.:

... virðist niðurstaðan því miður sú að breyting verði að eiga sér stað á ráðningu sóknarprests. Það er því einlæg ósk eftirtalinna fulltrúa í sóknarnefnd ...sóknar til yðar, hr. biskup, að þér veitið þessu máli algeran forgang og leitið allra leiða til þess að ásættanleg lausn finnist sem allra fyrst svo störf safnaðarins komist sem fyrst i lag og starfsfólk hans geti unnið verk sín í þeim anda sem þau eru kölluð til.

Undir bréfið rita allir sóknarnefndarmenn. Með yfirlýsingu dags. 29. maí 2004 lýsa fjórir af þeim sem rituðu undir bréfið því yfir að ekki beri að lita á undirritun þeirra sem kröfu um að málshefjandi viki úr embætti. Í bréfinu felist beiðni um aðstoð við að leysa þann ágreining sem uppi væri. Fimmti sóknarnefndarmaðurinn ritar bréf til biskups dags. 1. júní s.á. með sambærilegu efni.

Málshefjandi fullyrðir að á grundvelli munnegra yfirlýsinga sálfræðingsins á fundum sóknarnefndar um klíniska greiningu hans á honum, sem aldrei var kynnt fyrir honum, hafi gagnaðilar B og C staðið fyrir því að hluti sóknarnefndar undirritaði þetta bréf til biskups. Gagnaðili B hafi boðað til fundar í hesihúsi sínu og hafi sóknarnefndarmenn verið beittir þrýstingi til að skrifa undir bréfið eins og nokkrir sóknarnefndarmenn hafi síðar vitnað um í bréfum sínum til biskups. Máli sínu til stuðnings vitnuðu gagnaðilar B og C í orð sálfræðingsins sem mætu á fundinn til að lýsa niðurstöðum sínum. Gagnaðilar mótmæla fullyrðingum um að sóknarnefndarmenn hafi verið beittir þrýstingi til að rita undir bréfið. Einvörðungu einn sóknarnefndarmanna hafi sent biskupi tölvubréf þar sem hann lýsir þeiri skoðun að hann hafi skrifaað undir bréfið undir þrýstingi. Þessi sóknarnefndarmaður sé einn um þessa skoðun og sé hún í ósamræmi við upplifun annarra nefndarmanna.

Prófastur vísaði málínu til biskups með bréfi dags. 25. maí 2005. Minnispunkta þá af sáttastarfi hans, sem áður hefur verið vikið að hér í málavaxtalýsingu sendi hann biskupi með bréfi dags. 16. júní 2004.

Málshefjandi ritaði biskupi bréf dags. 27. maí 2004 og með bréfi 28. s.m. sendi hann biskupi fyrstu viðbrögð sín við efnisatriðum í bréfi sóknarnefndar frá 23. maí.

Með bréfi dags. 2. júní 2004 voru biskupi sendir minnispunktar lögmanns um deiluna, að beiðni málshefjanda. Þar er lagt til að málsaðilar lýsi því yfir við biskup að þeir muni halda áfram að sinna störfum sínum af heilindum og starfa samkvæmt erindisbréfum sínum og starfssamningum. Á ákveðnu tímabili verði kannað hvernig samstarf milli aðila gangi, t.d. fyrst á eins mánaða fresti, síðan á 3 – 6 mánaða fresti, allt eftir atvikum. Farið verði yfir þau atriði sem betur hefðu mátt fara og mál rædd með opinskáum hætti.

Með bréfi dags. 6. júní 2004 til biskups höfmuðu sjö einstaklingar í sókninni þau leiðindi sem ættu sér stað í garð málshefjanda.

Biskup svaraði erindi sóknarnefndar frá 23. maí 2004 með bréfi dags. 14. júlí. Þar segir:

Biskup hefur kynnt málsaðilum málíð og kallað eftir gögnum varðandi það. Eftir að rætt hefur verið við málsaðila og gögn málsins könnuð er ljóst að ekki eru þau skilyrði fyrir hendi sem réttlætt geta breytingu á starfi sóknarprestsins.

Sóknarprestur er opinber starfsmáður, skipaður til fimm ára og sem slíkur hefur hann réttindi og ber skyldur samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Þar er m.a. kveðið á um þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi ef gera á breytingar á störfum embættismanna. Eins og mál þetta er vaxið eru þau skilyrði ekki fyrir hendi, eins og að ofan greinir.

Hitt er ljóst að himm langvarandi samskiptavandi, sem lýst er í gögnum málsins, stendur safnaðarstarfinu fyrir þrifum. Því er biskup reiðubúinn til að bjóða prestum og djákna upp á reglubundna starfshandleiðslu í þeirri von að starfsfriður verði tryggður í framtíðinni.

Málshefjandi segir svör gagnaðila málsins við bréfi biskups frá 14. júlí 2004 hafa verið þau að þau rituðu hvert fyrir sig löng bréf sem send voru biskupi, prófasti og sálfraðingi, þar sem meintum annmörkum málshefjanda var lýst ítarlega og ýmis alvarleg ummæli látin falla um hann. Byggði skýrsla sálfraðingsins, sem rituð var tveimur og hálfum mánuði eftir að hann hafði kynnt niðurstöður sínar fyrir sóknarnefnd og starfsfólk kirkjunnar, að miklu leyti á þessum bréfum gagnaðila. Málshefjandi hafi ekki talið það þjóna tilgangi kirkjulegs starfs að svara því sem þar kænni fram. Málshefjandi segir fundargerðina frá 3. ágúst villandi hvað þetta varðar. Hann hafi allan tímann verið opinn fyrir sáttameðferð.

Gagnaðilar segja á hinn bóginn að á sóknarnefndarfundi 3. ágúst 2004 hafi málshefjandi neitað því að hann væri tilbúinn til að þiggja boð biskups um starfshandleiðslu. Aðrir starfsmenn sóknarinnar hafi á þessum fundi samþykkt það mótaikvæðalaust.

Í fundargerð sóknarnefndar frá 3. ágúst segir um dagskráliðinn önnur mál, bréf frá Biskupsstofu:

Formaður las bréf varðandi tillögu sóknarnefndarmanna um breytingu á starfi sóknarprests. Formaður bar fram tillögu um að bjoða starfsmönnum sóknarinnar að þiggja starfshandleiðslu á vegum biskupsstofu, en biskupsstofa býður prestum og djákna upp á reglulega starfshandleiðslu í þeirri von að starfsfriður verði tryggður í framtíðinni. Sóknarprestur, A, sagði greinilegt að sóknarnefnd hefði borið fram beiðni til biskups sem hann hafi ekki getað orðið við. Grundvallaratriði kirkjulegs starfs er eining og því fer fjarri hér. Hann hefur margítrekað lýst yfir vilja til sátt. H spurði presta og djákna hvort þeir væru tilbúmir að koma málum í viðunandi horf með því að þiggja boð biskups um starfshandleiðslu. A taldi ekki lengur grundvöll fyrir því lengur eftir yfirlýsingar djákna, formanns og varaformanns. H ítrekaði að allir hlutaðeigandi, starfsmenn og sóknarnefnd, væru í þeirri stöðu að allir væru ráðnir til starfa til tiltekins tíma og yrðu að vinna saman. C bar fram tillögu um að starfsmenn sóknarinnar þiggi tilboð frá biskup um handleiðslu. Tillagan var samþykkt mótaikvæðalaust. J bar fram tillögu að starfsmenn sóknarinnar, djákni, organisti og kirkjuvörður nytu fyllsta trausts sóknarnefndar. Var það samþykkt mótaikvæðalaust. Þá bar formaður fram tillögu um að tólf spora námskeiðið yrði haldið. Var það samþykkt mótaikvæðalaust. Sóknarprestur bað formann og varaformann um að standa við orð sín um að þeir gætu ekki unnið með sér. K lagði fram fyrirspurn um hvort menn væru tilbúmir að vinna saman þegar ekki virtist ríkja traust manna á milli. L minnti á að gögnin frá biskupsstofu, sem lögð höfðu verið fram, væru afar viðkvæm og yrði að minnast þess að þau bæri að skoða sem trúnaðarmál. Hann bæri þá von i brjósti að sátt gæti orðið. M bar fram þá ósk að menn verði tilbúmir til að vinna saman.

Málshefjandi segir gagnaðila hafa haldið fjandsamlegri framkomu sinni áfram gagnvart sér og einskis svifist í þeirri viðleitni sinni að koma honum úr embætti. Þannig hafi honum borist afar óskemmtileg sms-skilaboð þann 27. ágúst 2004 úr síma eiginmanns gagnaðila D. Málshefjandi segir að sér hafi verið verulega brugðið við skilaboðin en

svaraði hvorugu þeirra. Skeytasendingarnar hafi átti sér stað þegar gagnaðili D og gagnaðili E voru saman í sumarleyfi erlendis ásamt mökum.

Gagnaðili D segist enga ábyrgð bera á þessum skilaboðum. Þau hafi verið send án vitundar hennar enda hefði hún aldrei stuðlað að eða samþykkt slíkar sendingar. Hún hafi ítrekað beðið afsökunar á þessum sendingum fyrir hönd eiginmanns síns. Það hafi hún m.a. gert á sóknarnefndarfundi 3. nóvember 2004. Málshefjandi hafi kært sms-sendingarnar til löggreglu og mætt 30. ágúst 2004 til skýrslutöku þar sem hann hafi lagt fram kæru vegna hotana og brota gegn friðhelgi einkalífs. Málið hafi verið felt niður 22. september 2004 án þess að skyrsla væri tekin af gagnaðila D eða eiginmanni hennar. Málshefjandi hafi ekki látið þar staðar numið heldur sent forstjóra flugfélagsins ... bréf þar sem honum hafi verið gerð grein fyrir umræddum sms-sendingum. Í bréfinu til forstjórans sé fullyrt að málið sé litið alvarlegum augum af löggreglu enda hafi verið um ógnandi skilaboð að ræða. Þá muni vera vísað til þess að gagnaðili D hafi verið mótfallin málshefjanda frá upphafi og eitrað út frá sér með illu umtali um hann. Tilgangur þessarar sendingar virðist hafa verið sá einn að reyna að hafa áhrif á ráðningarsamband eiginmans gagnaðila D við ... Með bréfinu, sem hafi borið stimpil ...óknar, hafi fylgt fjöldi valinna skjala úr þessu ágreiningsmáli.

Málshefjandi segir gagnaðila C hafa kært skriflega meintar hleranir eiginkonu hans til ríkislögreglustjóra, en hún sé aðstoðaryfirlögreglugljónn þar. Kæran hafi verið alvarleg aðför að starfi hennar. Málin hafi þó hlotið farsælan endi innan þess embættis og dómsmálaráðuneytis, en ljóst sé að einskis hafi verið svifist. Staðfest hafi verið að aðrir í sóknarnefnd stóðu ekki að baki þessum bréfaskiptum gagnaðila C.

Gagnaðili C bendir á að í bréfi eiginkonu málshefjanda til biskups 10. ágúst 2004 hafi því beinlínis verið hotað að embætti því sem hún starfar hjá yrði beitt í málínu. Í bréfi ríkislögreglustjóra frá 30. nóvember 2004 sé beðið afsökunar á þeim mistökum eiginkonu málshefjanda að senda bréf í nafni embættisins til biskups. Fráleitt sé því af málshefjanda að halda því fram að þetta mál hafi hlotið farsæl málalok.

Í fundargerð sóknarnefndar frá 3. nóvember 2004 er undir dagskráliðnum önnur mál skýrt frá bréfum sem sóknarnefndarmönnum hefðu borist. Var m.a. lesið upp úr bréfi frá konu sem fengið hafði valin skjöl úr safni skjala frá Biskupsstofu merkt trúnaðarmál. Í umræðu skýrði málshefjandi frá því að margt fólk hafi spurt sig um samskiptamál innan kirkjunnar. Fólk úti í bæ hafi haft upplýsingar undir höndum og þá hafi hann veitt upplýsingar. Málshefjandi segist hafa rætt við fólk út frá þeim gögnum sem hann hefði undir höndum og sagði viðkomandi konu hafa fengið þau lánuð hjá sér. Sóknarbörn ættu sinn rétt og þau yrðu að fá upplýsingar.

Á fundi sóknarnefndar 14. febrúar 2005 kemur fram að sóknarnefndarmaðurinn L hafi reynt að leita lausna á ágreiningsmáli þessu. Sáttatillagan fölst í því að allir málсаðilar, málshefjandi, gagnaðilar djákni, prestur og formaður og varafirmaður sóknarnefndar ásamt meirihluta nefndarinnar vikju. Á fundinum gagnryndi málshefjandi að sóknarnefndarmaðurinn skyldi takast þessar sáttatilraunir á hendur. Fram kemur í fundargerð að málshefjandi var tilbúinn til að skoða þennan möguleika ef hinir hættu. Í fundargerð kemur og fram að málshefjandi, aðspurður neitaði því að biskup hefði boðið honum tvö störf. Þar er jafnframt bókað að skrif gagnaðila í júlí til prófasts hafi komið í veg fyrir handleiðslu.

4. SJÓNARMÍÐ MÁLSAÐILA

4.1 Sjónarmið málshefjanda

Málshefjandi krefst þess að gagnaðilum B og C verði veitt áminning í samræmi við a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 vegna framgöngu þeirra gagnvart honum og að þeim verði veitt fyrirmæli um rétta starfshegðun. Kröfuna rökstyður málshefjandi með því að þessir aðilar hafi ekki reynst starfi sínu vaxnir og tiltekur eftirfarandi máli sínu til stuðnings:

1. Þeir hafi brotið alvarlega á andmælarétti málshefjanda með því að neita honum um að sjá athugasemdabréf gagnaðila D og neita honum um fund til að koma að sínum athugasemnum. Með því hafi þeir brotið reglu stjórnsýsluréttarins um andmælarétt.
2. Þá hafi þessir gagnaðilar ekki farið eftir II. kafla starfsreglna um sóknarnefndir þar sem sóknarpresti hefur verið meinaður aðgangur að vinnu varðandi fjárhagsáætlun og skipurit fyrir starfsemi í kirkjunni. Í raun hafi þeir frá því í febrúar 2004 hafnað öllu samstarfi við sóknarprest. Þannig hafi þeir brugðist þeiri skyldu sinni sem fram kemur í 1. mgr. 53. gr. laga nr. 78/1997 að styðja kirkjulegt starfi sókninni í samvinnu við sóknarprest.
3. Þá hafi þessir gagnaðilar beitt aðra sóknarnefndarmenn óeðlilegum þrýstingi til að ná fram því markmiði sínu að koma málshefjanda úr starfi.
4. Þá verði það að teljast sérlega ámælisvert trúnaðarbrot að ginna málshefjanda til samstarfs við sálfræðing sem ljósi hafi verið allan tímann að myndi brjóta þagnarskyldu gagnvart málshefjanda og aðrar laga- og siðareglur um trúnaðarskyldu heilbrigðisstéttu með starfaðferðum sínum. Svo virðist sem sálfræðingurinn hafi verið fenginn til starfans eingöngu til stuðnings þeim fyrirætlunum gagnaðila B og C að koma málshefjanda frá embætti sínu.
5. Niðurstaða sálfræðingsins hafi verið kynt fyrir flestum sem hlut áttu að máli öðrum en málshefjanda.
6. Sóknarnefnd hafi gert sérstaka ályktun sem send var biskupi, án þess að gefa málshefjanda nokkurn kost að koma fram með sín sjónarmið.
7. Þá hafi þessir gagnaðilar framið alvarlegt trúnaðarbrot með því að bera út óhróður um málshefjanda svo sem að hann sé alvarlega andlega veikur til þess eins að grafa undan trúverðugleika hans og afla stuðnings við að koma honum frá embætti. Hér sé einkum um ummæli þeirra að ræða á sóknarnefndarfundum til stuðnings aðför þeirra að málshefjanda og einkafundi með sóknarnefndarmanni N, sbr. bréf hans frá 6. júní 2004. Þá krefst málshefjandi þess að gagnaðilar D og E verði flutt til í starfi

í samræmi við b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997. Kröfuna varðandi gagnaðila D rökstyður málshefjandi þannig:

1. Hún hafi sýnt af sér alvarlegan trúnaðarbrest gagnvart málshefjanda. Hún hafi ekki staðið við þá sáttargjörð sem gerð var hjá vígslubiskupi 10. apríl 2004 heldur starfað með gagnaðilum B og C að því að reyna að koma málshefjanda úr embætti.
2. Hún hafi staðið fyrir hótunum og einelti, m.a. með sms-skeytum úr síma eiginmanns hennar.
3. Hún hafi gerst sek um aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum sínum um málshefjanda í greinargerð sinni frá 25. júlí 2004.
4. Hún hafi grafið undan starfi málshefjanda gagnvart sóknarbörnum með hegðun sinni og framkomu. Hér megi nefna það sem alvarlegast sé gagnvart málshefjanda. Í sjö ár hafi

þessi gagnaðili aldrei kallað málshefjanda til að sjúkra- eða dánarbeði, en hins vegar beint gagnaðila E, ítrekað inn í slikar aðstæður. Skilaboðin séu skýrt gagnvart hinum almenna safnaðarmanni: *Sóknarpresturinn er ekki nögu góður valkostur til að kalla til í erfiðum kringumstæðum.* Þessi gagnaðili liti algerlega framhjá því viðarnikla nánni á sálgæslusviði sem málshefjandi hafi þegar aflað sér auk mikillar reynslu í erfiðu starfi sem löggreglumaður til 25 ára og einnig sjö ára reynslu sem sóknarprestur í stóru prestakalli.

5. Hún hafi aldrei í sjö ár upfyllt þá skyldu sína að upplýsa málshefjanda reglulega um störf sín. Hafi þessi atriði oft orsakað afar vandræðalegar aðstæður fyrir málshefjanda sem hefur verið jafnvel alls ómeðvitandi um hugsanlega mjög sviplegt fráfall ástvinar fólks sem í nálægð er og í umhverfi hans. Málshefjanda hafi oft skort upplýsingar um störf þessa gagnaðila og þurft að nálgast þær annars staðar en frá honum sjálfum.
6. Hún hafi á sóknarnefndarfundi í heyrandu hljóði skýrt frá því að málshefjandi væri alvarlega veikur maður. Málshefjandi hafi ekki verið á nefndum fundi en spurði þennan gagnaðila um ummælin daginn eftir. Þá hafi hún ítrekað að málshefjandi væri alvarlega veikur maður sem hún gæti ekki unnið með.
7. Hún hafi reynt að standa í vegi fyrir námskeiði um grunnatriði matreiðslu sem er að hefjast í safnaðarheimili kirkjunnar.

Kröfuna varðandi gagnaðila E rökstyður málshefjandi svo:

1. Hann hafi ásamt gagnaðila D tekið þátt í aðförinni að málshefjanda.
2. Hann hafi framið aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum sinum um málshefjanda í greinargerð sinni dags. 19. júlí 2004 sem send hafi verið biskupi og sálfraðingi þeim sem að málínu kom. Helstu ummæli hans í þeiri greinargerð um málhefjanda séu þau að hann sé lyginn, drottunargjarn, áróðursmaður, einstrengingslegur, auk ýmissa annarra miður fallegra ummæla sem verði að draga i efa að séu í kristilegum anda. Ekki sé hægt að lita öðru viði á en að með slikum ummælum hafi presturinn gerst sekur um trúnaðarbrot í starfi sínu.

4.2 Sjónarmið gagnaðila B og C

Til stuðnings kröfum sínum vísa gagnaðilar B og C m.a. til eftirtalinna staðreynda:

1. Frá því að málshefjandi kom til starfa við ...sókn hafi fjöldi hæfra manna hætt störfum fyrir sóknina. Aðstæðu þessa sé að stórum hlutum að rekja til árekstra þessara einstaklinga við málshefjanda. Í málínu liggi fyrir lýsingar fjölda einstaklinga á slikum árekstrum sem leitt hafi til þess að starfsmenn hafi ekki séð sér fært að starfa lengur fyrir sóknina.
2. Málshefjandi sé ófær um eðlileg samskipti við samstarfsfólk sitt og eigi erfitt með að sjá aðrar bliðar á málum en hans eigin. Í stað eðlilegra skoðanaskipta komi einræður. Þeir sem séu annarrar skoðunar en málshefjandi séu iðulega taldir andstæðingar og virðist sem málshefjanda skorti með öllu hæfileika til að miðla málum.
3. Orðfæri málshefjanda hafi á stundum verið með þeim hætti að það geti engan veginn særmt einstaklingi í þessari stöðu. Lýsingar á upphlaupum málshefjanda sé að finna viða í gögnum málsins, svo sem í samantekt organista, athugasendum gagnaðila varaformanns og fyrirverandi formanns listanefndar. Þá geti prófastur borið um háttsemi málshefjanda á sáttafundum þar sem hanna fór mikinn og rauk af minnsta tilefni á dyr án þess að kveðja. Á sóknarnefndarfundi 29. janúar 2004 þurfti gagnaðili varaformaður að stöðva málshefjanda

vegna ummæla hans í garð gagnaðila djákna sem voru einstaklega harðorð og ekki í nokkrum samræmi við tilefnið.

4. Þeir telja greinargerð málshefjanda til úrskurðarnefndarinnar gefa fullt tilefni til þess að beitt verði þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 12. gr. laga nr. 78/1997. Þessir gagnaðilar geri ekki athugasemdir við að málshefjandi nýti þann rétt sem hann á til að bera mál sitt undir úrskurðarnefnd. Hins vegar beri málshefjanda við meðferð þessa máls, líkt og endranær, að fara með rétt mál og gæta hófs í öllu orðavalri. Í greinargerð hans séu einstaklingar ítrekað hafðir fyrir rangn sök. Settar séu fram fullyrðingar og höfð uppi gífurnyrði sem engin stoð sé fyrir. Fullyrðingar málshefjanda hafi verið hraktar með vísun til gagna og vitnisburðar þeirra einstaklinga sem í hlut eigi.
5. Þeir hafi ásamt prófasti staðfest að málshefjandi hafi ítrekað rofið sáttargjörðir sem gengið hafði verið frá með formlegum hætti. Þessum atvikum sé ítarlega lýst í umsögnum gagnaðila varaformanns og prófasts sem liggi fyrir í málinu. Í stað þess að halda þegar gerðar sættir hafi málshefjandi kosið að rjúfa þær og sett fram óaðgengilegar kröfur um að gagnaðili og starfsmáður sóknarnefndar, D, yrði látin víkja úr starfi sínu. Ekkert tilefni hafi verið til þessara sáttarofa. Með þessu hafi málshefjandi vist að vettugi þegar gerða sáttargjörð milli vigðra þjóna kirkjunnar.
6. Málshefjandi hafi hafnað boði biskups Íslands um handleiðslu í málinu. Þetta hafi hann staðfest á sóknarnefndarfundi og fyrir liggi bréf frá Biskupsstofu þar sem þessi skilningur hennar sé staðfestur.
7. Allar tilraunir til sáttu hafi reynst árangurslausar. Fullur vilji hafi verið til sáttu af hálfu allra gagnaðila. Ástæður þess að sættir hafi ekki tekist sé alfarið að rekja til málshefjanda. Áréttu beri í þessu sambandi að í sáttaverli hjá prófasti var þess ekki krafist að málshefjandi undirgengist einhliða einhver skilyrði. Um gagnkvæmar sættir hafi verið að ræða sem gagnaðili djákni var reiðubúinn að undirgangast og stóð við að öllu leyti. Taka beri undir þau orð prófasts að fullyrðingar sóknarpresi um sáttavilja séu ófugmæli.
8. Prófastur hafi komist að þeiri niðurstöðu eftir 12 sáttafundi að ekki væri mögulegt að sættu þetta mál. Augljóst sé að hann telur ástæður þessa að rekja til afstöðu málshefjanda. Sálfræðingur var fenginn að málinu til að kanna hvar orsök vandans lægi og leita lausna. Niðurstaða hans hafi verið afgerandi. Taldi hann vandann ekki liggja í ófullkomnum starfslýsingum heldur afstöðu málshefjanda til manna og malefna. Heilindi sálfræðingsins, sem starfi í sóknarnefnd i öðru prestakalli, verði ekki dregin í efa þótt málshefjandi hafi gert svo. Sálfræðingurinn kom að málinu án þess að hafa nokkur tengsl við aðila málsins eða hafa mótað sér skoðanir um orsök vandans. Niðurstöðu sálfræðingsins beri að taka alvarlega. Hún sé að mati gagnaðila B og C sörunum þess að sá ágreiningur sem uppi er í ...sókn verði ekki leystur nema með því að málshefjandi verði fluttur til í embætti.
9. Greinargerð málshefjanda til úrskurðarnefndar sé ekki eina dæmið um ósannsögli hans. Málshefjandi virðist telja það léttvægt að hagræða sannleikanum og hefur skv. gögnum málsins sett vísitandi fram rangar fullyrðingar til að ná fram þeim niðurstöðum sem hann leitar eftir. Einn sóknarnefndarmanna hafi staðfest að málshefjandi hafi setið yfir honum í rúma klukkustund og reynt að sannfæra hann um að hann ætti að draga til baka undirritun sína á brefið sem sent var bikupi í maí 2004. Til að sannfæra sóknarnefndarmanninn um þetta hafi málshefjandi fullyrt að allir aðrir sóknarnefndarmenn hefðu dregið undirritun sína til baka. Þetta sé háttsemi sem sæmi ekki sóknarpresti og hljóti að bera að virða sem alvarlegt agabrot.

10. Fleiri sambærileg tilvik megi nefna. Ó sóknarnefndarmaður, hafi í greinargerð sem hann hefur tekið saman vegna þessa málს staðfest að málshefjandi hafi orðið uppvís að ósannsögli á sóknarnefndarfundi þar sem hann var innur svara um dreifingu trúnaðargagna til utanaðkomandi aðila. Í greinargerðum gagnaðila varaformanns og organista hafi jafnframt verið gerð grein fyrir þeim aðferðum sem málshefjandi beitti til að koma í veg fyrir að orgel yrði flutt til í kirkjunni. Þar virðist sambærilegum aðferðum hafa verið beitt og lýst hefur verið af eimum sóknarnefndarmanna, sbr. lið 9 hér að framan, þ.e. ranglega fullyrт að aðrir einstaklingar væru tiltekinnar skoðunar.
11. Málshefjandi hafi viðurkennt á sóknarnefndarfundi að hann hafi afhent gögn úr þessu máli til sóknarbarna. Með því hafi hann að mati gagnaðila formanns og varaformanns brotið með grófum hætti gegn trúnaðarskyldum sínum. Gögn úr þessu máli eigi ekkert erindi til annarra en málsaðila. Þá telja þessir gagnaðilar að málshefjandi hafi með því að senda valin gögn úr málinu til sóknarbarna reynt að hafa áhrif á þau og hvatt til þess að sóknarbörn létu i ljósi afstöðu sína við biskup. Í málinu liggi fyrir nokkur bréf og tölvu-póstar frá sóknarbörnum þar sem glöggt megi ráða að umræddir einstaklingar hafi fengið upplýsingar um þann ágreining sem leitast hefur verið við að leysa innan sóknarinnar. Allir sóknarnefndarmenn og starfsfólk sóknarinnar hafi undirritað skjal þar sem trúnaði um mál þetta í heild sinni er heitið. Gagnaðilum B og C sé ekki kunnugt um að sá trúnaður hafi verið rofinn af sóknarnefndarmönnum eða starfsmönnum sóknarinnar. Þessir gagnaðilar hafi ekki staðið fyrir undirskrifasöfnun sóknarbarna eða gert minnstu tilraun til að hafa áhrif á málid með því að upplýsa utanaðkomandi aðila um efnin þess. Það hafi málshefjandi hins vegar augljóslega gert. Með því hafi hann brotið gegn trúnaðarskyldum sínum. Þá hafi hann með því vrit að vettugi þá beiðni biskups til málsaðila að gera þetta mál ekki opinbert.
12. Málshefjandi hafi ekki einungis sent gögn úr málinu til sóknarbarna heldur hafi gagnaðila formanni og varaformanni sóknarnefndar verið tjáð að hann hafi gengið svo langt að senda slik gögn til vinnuveitanda eiginmanns gagnaðila djákna, að því er virðist í þeim tilgangi að reyna að hafa áhrif á stöðu eiginmannsins. Með mun hafa fylgt bréf sem undirritað var af málshefjanda með stímpli ...sóknar. Afturli af þessu tagi sé að mati gagnaðila formanns og varaformanns sóknarnefndar vitavert.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 og reglum nr. 730/1998 geti úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar gripið til tiltekinna úrræða vegna siðferðis- eða agabrota. Úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varða lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Úrskurðarnefndin geti samkvæmt þessu leyst úr ágreiningi sem ris á kirkjulegum vettvangi og gripið til viðeigandi úrræða þótt fyrir liggi að ekki sé um að ræða brot af því tagi sem leitt getur til starfsloka á grundvelli laga nr. 70/1996.

Ekki sé að finna nákvæma skilgreiningu á því í lögum nr. 78/1997 eða reglum nr. 730/1998 hvers konar háusemi geti talist til siðferðis- eða agabrota. Nefnd hafi verið fjölmörg tilvik sem gagnaðilar B og C telji til marks um háterni sem ekki geti á nokkurn hátt verið sæmandi sóknarpresti. Hafa verði í huga í þessu sambandi að gera verði afar ríkar kröfur til sóknarprests í þessum efnum enda sé honum ætlað að vera fyrirmynnd annarra og andlegur leiðtogi safnaðarins. Samkvæmt grein 2.3. í siðareglum presta leggi prestvígslan prestum sérstakar skyldur á herðar í afstöðu og viðmóti við aðra. Gagnaðilar B og C telji ljóst að málshefjandi hafi með öllu brugðist þessum skyldum sínum.

Málshefjandi hafi ekki sinnt skyldum sínum til þess að stuðla að því að allt starf þjóðkirkjunnar í prestakallinu gangi vel og greiðlega fyrir sig, sbr. 1. gr. starfsreglna nr. 735/1998 um presta. Þá hafi hann ekki sinnt þeim skyldum sem mælt er fyrir um í siðareglum presta að gæta

þess að eiga gott samstarf við samstarfsfólk sitt, sóknarnefndir og trúnaðarmenn og leitast við að stuðla að eindrægni og sambug. Hann hafi þvert á móti hafnað öllum sáttumleitunum og unnið markvisst gegn þeim sem hann hafi skilgreint sem andstæðinga sína. Hann hafi að mati gagnaðila Marthiasar og Arthurs jafnframt vanrækt þær skyldur sínar sem tilgreindar eru í sömu reglum, að hafa samráð og samstarf við aðra presta, sóknarnefndir og starfsmenn safn-aðarins. Fjöldi skýrsína í málinu staðfesti þetta.

Málshefjandi hafi að mati gagnaðila B og C rofið trúnað með því að fara með viðkvæm gögn úr deilumáli innan þjóðkirkjunnar til utanaðkomandi aðila. Hann hafi orðið uppvís að því að fara ítrekað með rangt mál. Hann hafi borið fjölda manns sökum sem enginn fótur sé fyrir. Hann hafi rofið sátt vígðra manna án þess að nokkur sjáanleg ástæða hafi verið til. Þetta atferli telja gagnaðilar B og C beri að virða jafnt sem siðferðis- og agabrot í skilningi áðurgreindra reglna.

Þessir gagnaðilar ítreka það sem áður hefur komið fram að fullkominn trúnaðarbrestur ríki milli sóknarnefndar, gagnaðila djákna og gagnaðila prests annars vegar og málshefjanda hins vegar. Fullreynt sé að sættir muni ekki takast milli aðila. Að mati þessara gagnaðila er úrskurðarnefnd ætlað að skera úr ágreiningi af þessu tagi og stuðla þannig að því að starfsfriður skapist að nýju innan ...sóknar. Atvik þessa máls beri það glöggt með sér að einungis ein leið sé fær í þessum efnum. Af þeim sökum sé þess krafist að úrskurðarnefnd mæli fyrir um að málshefjandi verði fluttur til í starfi.

Fari svo að úrskurðarnefnd telji ekki forsendur til slikra fyrirmæla er þess krafist að málshefjandi verði áminntur og honum sett fyrirmæli um réttu starfshegðun. Það sé ljóst að málshefjandi muni ekki að eigin frumkvæði breyta starfsaðferðum sinum og framkomu við samstarfsfólk. Margt i hegðun hans virðist benda til þess að hann sé ófær um slíkt. Þá sé ljóst að átelja verði þau fjölmörgu siðferðis- og agabrot sem málshefjandi hafi orðið uppvís að.

4.3 Sjónarmið gagnaðila D

Varðandi rökstuðning fyrir kröfugerð sinni visar gagnaðili D til rökstuðnings gagnaðila formanns og varaformanns sóknarnefndar.

4.4 Sjónarmið gagnaðila E

Gagnaðili E mótnaelir því sem tilhæfulausu að hann hafi framið aga- og trúnaðar- brot með greinargerð sínni frá 19. júlí 2004. Greinargerðin hafi verið tekin saman samkvæmt beiðni sálfræðings sem sóknarnefnd réð til starfa. Þessi gagnaðili hafi því ritað greinargerðina í samræmi við fyrirmæli sem hann hafi áður fengið frá sóknarnefnd. Þetta bréf hafi legið fyrir löngu áður en málshefjandi beindi nokkrum kröfum að þessum gagnaðila.

Málshefjandi hafi í upphafi ekki beint kvörtun sinni gegn gagnaðila E. Þannig séu í upphaflegu erindi málshefjanda engar ávirðingar að finna í garð þessa gagnaðila. Á fundi sóknarnefndar 3. nóvember sé bókað í fundargerð um málarekstur hans til úrskurðarnefndar: *Beiðnin til hennar væri að leita sáttu í málinu. Deiluaðilar væru hann sjálfur, djákninn og sóknarnefnd...* Í yfirlýsingu málshefjanda sem birtist á mbl.is 22. janúar 2005 segi hann að samstarf hans og þessa gagnaðila hafi fram til þessa verið með ágætum. Þessi yfirlýsing hafi verið gefin tæpri viku eftir að málshefjandi skilaði greinargerð í málinu.

Málshefjandi hafi gert kröfu um að tiltekinn nefndarmaður i úrskurðarnefnd viki sæti. Úrskurðarnefnd hafi tilkynnt málshefjanda að nefndin myndi taka afstöðu til þeirrar kröfu þegar hann hefði tilgreint gagnaðila og því hafi málshefjandi tilgreint E gagnaðila í málinu.

5. HLUTVERK ÚRSKURÐARNEFDAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Hlutverk úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar er tvíbætt skv. 12. gr. laga nr. 78/1997. Til hennar má annars vegar vísa ágreiningi á kirkjulegum vettvangi og hins vegar málum þar sem starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot. Orðalag ákvæðisins að því er varðar ágreining á kirkjulegum vettvangi er rúmt og að ýmsu leyti vandtúlkað.

Í greinargerð með ákvæðinu segir:

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er að í lögum sé m.a. kveðið á um hvernig skuli fjallað um meint aga- og siðferðisbrot innan íslensku þjóðkirkjunnar, svo og um lausn ágreiningsmála, en um þetta gilda nú eigi skýrar reglur. Lagt er til að sett verði á fót sérstök nefnd, úrskurðarnefnd, sem fjalli um mál af þessu tagi. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Í framsögu kirkjumálaráðherra um frumvarp til þjóðkirkjulaga sagði hann um ákvæðið:

Í 11. og 12. gr.¹ eru ákvæði um úrskurðar- og áfrýjunarnefnd, sem eru nýmæli. Mikilvægt er talið að í lögum séu ákvæði sem kveða á um meðferð og úrlausn siðferðisbrota og agabrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um mál af þessu tagi, en þeim má síðan skjóta til áfrýjunarnefndar sem kveður endanlega upp úrskurð i viðkomandi máli. Gert er ráð fyrir að kirkjuþing setji starfsreglur um störf og málsmeðferð nefndarinnar en rétt þykir að lögfesta vissar grunnreglur stjórnsýsluréttar um málsmeðferð.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur skýrt fram að ákvæðið um úrskurðarnefnd sé nýmæli og að henni sé ætlað að taka á meintum aga- og siðferðisbrotum innan íslensku þjóðkirkjunnar, sem og ágreiningsmálum sem engar skýrar reglur gildi um. Í framsögu ráðherra er þetta viðhorf ítrekað.

Ákvæðið er á hinn böginn óskýrt því það mælir eingöngu fyrir um úrzæði til handa úrskurðarnefnd ef um agabrot er að næða. Í 12. gr. laganna kemur fram að í úrskurði vegna agabrota geti nefndin gripið til eftirsarandi úrræða:

1. Lagt til að starfsmanni verði veitt ámining, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningu eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun.
2. Mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi.
3. Mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar.
4. Lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Hvorki í lögum nr. 78/1997 né í lögskýringargögnum er að finna vísbendingar um það hvernig túlka beri hugtökin agabrot annars vegar og siðferðisbrot hins vegar. Í máli nr. 1/1999 fjallaði áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nokkuð um þetta í forsendum sínum. Í úrskurðinum segir um þetta atriði:

Óhjákvæmilegt er að líta svo á, að siðferðisbrot og agabrot séu tvö sjálfstæð og aðgreinanleg hugtök í lögfræðilegu tilliti. Enga skilgreiningu eða aðra skýringu er að finna á hugtökum þessum hvorki í lögnum sjálfum né heldur í lögskýringargögnum. Ber áfrýjunarnefnd því að gæta þess við ákvörðun úrræða, að því leyti sem á þau kann að reyna, að einungis ótvírað siðferðis – og agabrot komi til álita sem grundvöllur þeirra. Allur skynsamlegur vafi vegna hins óljósa inntaks hugtakanna á að vera þeim í hag, sem úrræðin bitna á.

¹ Við málsmeðferð Alþingis breyttist röð greina þannig að 11. gr. frumvarpsins sem fjallar um úrskurðarnefndina varð að 12. gr. laganna.

Ámælisverð háttsemi starfsmanns þjóðkirkjunnar kann að fela í sér bæði siðferðisbrot og agabrot. Í öðrum tilvikum getur verið um að ræða annað tveggja, siðferðisbrot eða agabrot. ...

Hugtakið sjöferðisbrot hefur mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga má að því vísu, að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsiveri brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þarf ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt er að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skiptir verulegu máli, hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verður að gera strangar kröfur til presta þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Ef framkomu prests og álíti sóknarþarna, sem til hans þurfa að leita um þjónustu og sálusorgun, er svo farið, að hann nýtur ekki trausts sóknarþarnanna eða þorra þeirra, verður að meta, að hvaða marki slikur trúnaðarbrestur stafar af ætluðum siðferðsbrotum prestsins eða af öðrum ástæðum, svo sem tillitsleysi hans, ókurteisi eða klaufaskap. Við þetta mat má hafa nokkra hliðsjón af vígsluheitit prests og vígslubréfi biskups svo og almennum siðareglum presta.

Hugtakið agabrot hefur ekki skýrt afmarkaða merkingu í lögum. Það er yfirleitt bundið við brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. laga nr. 78/1997 um kirkjuaga. Að þessu leyti þurfa agabrot presta gegn yfirboðurum sínum á kirkjulegum vettvangi ekki að fela í sér siðferðisbrot gegn sóknarþörnum. ... Nefndin telur einsýnt, að vígsluheit prests og vígslubréf biskups hafi gildi sem agareglur, sumpart með nánari útfærslu í siðareglum presta, og að ótvíræð brot gegn þeim séu agabrot í skilningi 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur sig bundna af þessari umfjöllun og skilgreiningum á aga- og siðferðisbrotum og byggir niðurstöðu sína á henni eftir því sem við á.

6. NIÐURSTAÐA ÚRSKURÐARNEFNDAR OG RÖKSTUÐNINGUR

6.1 Inngangur

Er úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar tók ákvörðun 9. desember 2004 um að taka mál þetta til efnislegrar meðferðar þyggði hún á 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 sem heimilar hverjum þeim sem hagsmuna á að gæta að bera mál um ágreining á kirkjulegum vettvangi undir nefndina. Sama gildir þegar starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot. Í 5. gr. starfsreglna nefndarinnar nr. 730/1998 segir að nefndin skuli byrja á því að meta hvort úrlausnarefnið eigi undir nefndina og hvort málshefjendur teljist eiga hagsmuna að gæta.

Í 4. gr. starfsreglnanna er nánar skilgreint hverjir teljist geta átt hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Eru þar talin upp kirkjustjórin, þ.e. biskup og kirkjuráð, sóknarnefndir, einstakir starfsmenn kirkjunnar og aðrir sem starfa innan hennar.

Í 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna er ágreiningur á kirkjulegum vettvangi skilgreindur sem ágreiningur milli kirkjustjórmálar, sóknarnefndar, einstakra starfsmanna kirkjunnar eða annarra sem starfa innan hennar og sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Málshefjandi í málí þessu er sóknarprestur í ...sókn. Í greinargerðum hans hafa verið rakin nokkur ágreiningsefni um atriði er snerta kirkjulegt starf. Snýr sá ágreiningur að gagnaðilum formanni og varaformanni sóknarnefndar, djákna og presti sömu sóknar.

Að þessu virtu ákvað úrskurðarnefndin að taka málið til efnislegrar meðferðar þar sem hún taldi að málshefjandi ætti hagsmunu að gæta í þessu sambandi og að tilgreind hefðu verið ágreiningsefni sem snertu starfsemi á kirkjulegum vettvangi.

Verður nú fjallað um niðurstöðu nefndarinnar um ágreiningsmál þau sem uppi eru í ...sókn.

6.2 Kröfur málshefjanda

6.2.1 Kröfur málshefjanda á hendur gagnaðilum B og C

a. Brot á andmælarétti

Málshefjandi fullyrðir að þessir gagnaðilar hafi brotið alvarlega á andmælarétti hans með því að neita honum um að sjá athugasemdabréf gagnaðila D og neita honum um fund til að koma að sínum athugasemnum. Með því hafi þeir brotið reglu stjórnsýsluréttarins um andmælarétt. Gagnaðilar B og C mótmæla því að þeir hafi brotið andmælarétt málshefjanda.

Í gögnum málsins kemur fram að gagnaðili B fékk athugasemdabréfið afhent strax eftir fundinn og hann lás bréfið fyrir préfast á fundi 2. febrúar. Þessi gagnaðili taldi sig hins vegar bundinn trúnaði varðandi bréfið og neitaði því að afhenda málshefjanda það.

Fallast ber á það með málshefjanda að gagnaðilar B og C hafi brotið andmælarétt hans með því að neita honum um að sjá athugasemdabréf gagnaðila djákna og neita honum um fund til að koma að sínum athugasemnum. Þykir engu breyta þótt gagnaðili B hafi talið sig bundinn trúnaði varðandi bréfið. Það skiptir heldur ekki máli í því sambandi þótt málshefjandi hafi á þessum fundi tekið til máls, enda er i fundargerð bókað eftir málshefjanda að hann svari ekki að sinni.

Gagnaðili D valdi sóknarnefndarfund sem vettvang fyrir alvarlegar athuga-semdir hennar við störf málshefjanda. Í ljósi þess að hún og málshefjandi eru bæði vígðir þjónar kirkjunnar hefði verið eðlilegra af henni að snúa sér beint til prófasts með athugasemdir sínar, sbr. 26. gr. starfsreglna um prófasta nr. 734/1998. Fyrir liggur að sóknarnefnd er ekki yfirmaður málshefjanda og því takmarkað sem hún gat gert til sáta. Enda liggur fyrir af gögnum málsins að bæði sóknarnefnd og málshefjandi vísuðu málinu beint til sáttameðferðar hjá prófasti.

Úr því að gagnaðili D valdi þennan vettvang til að koma athugasendum sínum á framfæri og var leyft það af sóknarnefndinni, bar formanni sóknarnefndar að verða við kröfu málshefjanda um það að hann fengi afrit athugasemdabréfs þess sem gagnaðili D lás upp. Þá hefði það og verið í samræmi við málsméðferðarreglur stjórnsýslulaga að gefa málshefjanda kost á að tjá sig um athugasemdabréfið á fundi með sóknarnefnd eða framkvæmdanefnd, eftir að hann hafði haft tækifæri til að kynna sé efni athugasemdabréfsins. Ekki skiptir máli þótt málshefjandi hafi haft tækifæri til andmæla á síðari sóknarnefndarfundum eða á fundum með prófasti í sáttaferlinu. Meðan hann hafði ekki fengið tækifæri til að kynna sér efni athugasemdabréfsins var honum óhægt um vik að koma andmælum á framfæri.

b. Brot á starfsreglum um sóknarnefndir

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðilar formaður og varaformaður sóknarnefndar hafi ekki farið eftir II. kafla starfsreglna um sóknarnefndir þar sem honum hafi verið meinaður aðgangur að vinnu varðandi fjárhagsáætlun og skipurit fyrir starfsemi í kirkjunni. Gagnaðilar formaður og varaformaður mótmæla þessum fullyrðingum. Þeir segja málshefjanda ekker

framlag hafa lagt til vinnu við fjárhagsáætlun. Vegna vinnu við skipurit þá sé það rétt að málshefjandi var ekki skipaður í vinnuhóp sem fenginn var til að móta tillögur að skipuriti fyrir starfsfólk sóknarinnar. Málshefjandi sé ekki starfsmaður sóknarnefndar og því eðlilegt að hann væri ekki þáttakandi í þessari vinnu.

Í II. kafla starfsreglna um sóknarnefndir er fjallað um starfshætti sóknarnefnda. Þar kemur fram í 4. gr. að sóknarnefnd skuli í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár. Engin gögn liggja fyrir um að málshefjanda hafi verið meinaður aðgangur að vinnu við fjárhagsáætlun sóknarinnar. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila formanns og varaformanns verður að teljast ósannað að málshefjandi hafi ekki hafi aðgang að þessari vinnu. Í ljósi 17. gr. starfsreglna um sóknarnefndir verður hins vegar að telja óeðlilegt að gefa málshefjanda ekki tækifæri til að koma að undirbúningi skipurits fyrir starfsfólk sóknarinnar. Af 17. gr. er ljóst að sóknarnefnd skal hafa náið samráð við sóknarprest um öll starfsmannamál sóknarinnar. Fallast ber því á það með málshefjanda að sóknarnefnd hafi borið að hafa hann með í ráðum við undirbúning skipurits starfsmanna sóknarinnar.

c. *Gagnaðilar hafi beitt sóknarnefdarmenn óeðlilegum þrýstingi*

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðilar formaður og varaformaður sóknarnefndar hafi beitti aðra sóknarnefdarmenn óeðlilegum þrýstingi til að ná fram því markmiði sínu að koma málshefjanda úr starfi. Þessir gagnaðilar mótmæla því að sóknarnefdarmenn hafi verið beittir þrýstingi í þessu skyni.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem styðja þessa fullyrðingu málshefjanda. Fyrir liggja bréf frá nokkrum sóknarnefdarmönnum þar sem þeir tilkynna biskupi að það sé ekki vilji þeirra að undirskrift þeirra á bréf sóknarnefndar frá 23. maí 2004 verði túlkuð sem beiðni um að málshefjanda verði vikið úr starfi. Í bréfinu hafi falist beiðni um aðstoð við að leysa nefndan ágreining.

Úrskurðarnefnd telur að sóknarnefdarmönnum sem undirrituðu umrætt bréf hafi mátt vera ljóst að með því að vísa ágreiningsmálum í sókninni til biskups væri verið að biðja um aðstoð við að leysa þann vanda sem uppi var. Sóknarnefdarmönnum hafi og mátt vera ljóst að meðal þeirra úrræða sem biskup hefur í slíkum tilvikum er tilflutningur í starfi. Þá segir beint í bréfinu að niðurstaðan sé sú að breyting verði að eiga sér stað á ráðningu sóknarprests.

Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila B og C verður að teljast ósannað að þeir hafi beitt sóknarnefdarmenn þrýstingi til að rita undir umrætt bréf.

d. *Málshefjandi hafi verið ginntur til samstarfs við sálfræðing*

Málshefjandi telur það sérlega ámælisvert trúnaðarbrot af hálfu gagnaðila B og C að ginna hann til samstarfs við sálfræðing sem ljóst hafi verið allan tímann að myndi brjóta þagnarskyldu gagnvart málshefjanda og aðrar laga- og siðareglur um trúnaðarskyldu heilbrigðisstéttu með starfsaðferðum sínum. Málshefjandi fullyrðir að sálfræðingurinn hafi verið fenginn til starfans eingöngu til stuðnings þeim fyrirætlunum gagnaðila B og C að koma málshefjanda frá embætti sínu. Gagnaðilar B og C mótmæla því að þeir hafi ginnt málshefjanda til þessa samstarfs.

Í gögnum málsins kemur fram að það var hluti af sáttargjörð þeiri sem munulega var gerð á fundi 10. apríl 2004 að leitað yrði liðsinnis vinnustaðasálfræðings. Málshefjandi samþykkti þá sáttargjörð sem og aðrir málsaðilar. Málshefjandi samþykkti og þann einstakling sem til verksins var valinn. Efnisleg niðurstaða sálfræðingsins hefur ekki verið dregin í efa þótti embætti landlæknis hafi gert athugasemdir við nokkur atriði í vinnulagi hans. Fyrir liggur að sálfræðingurinn ræddi við alla málsaðila. Ástæðulaust er að ætla að sálfræðingurinn sé ekki

fagmaður. Verður því að ætla að hann hafi hlustað á allar hliðar málss áður en hann tók afstöðu varðandi vandamál það sem honum var falið að leysa. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt gagnaðilar B og C hafi talað fyrstir við sálfræðinginn. Af greinargerð sálfræðingsins er ljóst að hann talaði margoft við málshefjanda, gagnaðila djákna og gagnaðila prest auk þess sem hann ræddi við aðra starfsmenn sóknarinnar. Af greinargerð sálfræðingsins verður ráðið það faglega mat hans að eftir þessi viðtöl hafi hann talið ljóst að vandinn í ...sókn ætti rætur að rekja til málshefjanda.

Úrskurðarnefnd telur að málshefjanda hafi mátt vera ljóst, þegar fenginn var utanaðkomandi aðili til að skoða vandamál þau sem uppi hefðu verið í sókninni, að niðurstodaðan kynni að verða sú að hann sjálfur ætti þar einhvem hlut að máli. Úrskurðarnefnd telur því að ekki sé hægt að halda því fram að hann hafi verið ginntr til að samþykkja þessa vinnu. Hún var hluti af sáttargjörð sem handsöluð var á fundi með vígslubiskupi 10. apríl 2004 og sem málshefjandi var aðili að.

e. Niðurstodaða sálfræðings hafi seint verið kynnt málshefjanda og sóknarnefnd hafi ekki gefið málshefjanda kost á að tjá sig um fyrirkugað bréf til biskups

Málshefjandi gerir athugasemd við að niðurstodaða sálfræðingsins hafi verið kynnt fyrir flæstum sem hlut átu að máli áður en þær voru kynntar fyrir honum.

Í greinargerð sálfræðingsins kemur fram að hann hafi kynnt málshefjanda niðurstöður sínar á fundum 25. og 27. maí 2004. Í sömu greinargerð kemur fram að hann hafi hitt biskup ásamt fleirum á fundi 21. maí s.á. þar sem niðurstöður hans voru kynntar, og sóknarnefnd á fundi 23. maí.

Úrskurðarnefnd telur að eðlilegast hefði verið að kynna niðurstöðu sálfræðingsins fyrst fyrir prófasti þar sem vinna hans var hluti af sáttferli sem prófastur hafði yfirumsjón með. Jafnframt telur úrskurðarnefndin að sjá hefði átt til þess að niðurstöður sálfræðingsins væru kynntar prestum og djákna og þeim gefinn kostur á að tjá sig um þær, áður en sálfræðingurinn fundaði um þær með sóknarnefnd eða biskupi. Verður að telja að gagnaðilar B og C hafi með þessu vinnulagi brotið meginreglur stjórnsýslulaga um andmælarétt, bæði málshefjanda og annarra málsaðila. Saman gildir um það að sóknarnefnd skyldi ekki gefa málshefjanda kost á að tjá sig um stöðu mála áður en nefndin sendi bréfið frá 23. maí 2004 til biskups.

f. Gagnaðilar B og C hafi borið út óhróður um málshefjanda

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðilar formaður og varafomaður sóknarnefndar hafi framið alvarlegt trúnaðarbrot með því að bera út óhróður um hann. Gagnaðilar B og C mótmæla þessum fullyrðingum málshefjanda sem röngum.

Engin gögn málsins renna stoðum undir þessa fullyrðingu málshefjanda. Gegn eindregnum mótmælum þessarar gagnaðila verður að teljast ósannað að þeir hafi borið út óhróður um málshefjanda.

Niðurstodaða

Flestir þær fullyrðingar sem málshefjandi ber á gagnaðila B og C og sem hann telur réttlæta að þeim verði veitt áminning, eru ósannaðar.

Eftir stendur þó að gagnaðilar B og C urðu ekki við réttmætri og eðlilegri kröfu málshefjanda um það að hann fengi afrit af athugasemdabréfi því sem gagnaðili D las upp á sóknarnefndarfundi 29. janúar 2004 strax eftir fundinn. Sömuleiðis urðu þessir gagnaðilar ekki við þeirri réttmætu og eðlilegu kröfu málshefjanda að haldinn yrði

fundur, annað hvort í sóknarnefnd eða framkvæmdanefnd þar sem hann fengi tækifæri til að svara athugasemdabréfinu, eftir að hafa fengið það afhent og kynnt sér það.

Sömuleiðis stendur eftir að gagnaðilar B og C gætu þess ekki að niðurstöða sálfraðingsins væri fyrst kynnt málsaðilum, þ.á m. málshefjanda áður en hún var kynnt biskupi og sóknarnefnd. Málshefjanda og öðrum málsaðilum var þannig ekki gefinn kostur á að tjá sig um niðurstöðu sálfraðingsins áður en hún var kynnt öðrum.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur þessa málsméðferð ámælisverða og í þeim aðstæðum sem verið hafa í ...sókn til þess fallna að auka enn á samstarfsörðugleika sem þar hafa verið.

Málshefjandi krefst þess að gagnaðilum B og C verði veitt áminning, sbr. a- lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 og þeim veitt fyrirmæli um réttu starfshegðun. Samkvæmt ákvæðinu getur úrskurðarnefnd gripið til þess úrrædis, í úrskurði vegna agabrota, að leggja til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um réttu starfshegðun. Það er skyrt í umræddu ákvæði 78/1997 að úrskurðarnefndin getur einungis lagt til að starfsmönnum þjóðkirkjunnar verði veitt áminning. Gagnaðilar B og C eru formaður og varaformaður sóknarnefndar ...sóknar.

Nefndarmenn í sóknarnefnd eru kosnir til þeitra starfa á aðalsafnaðarfundum til fjögurra ára í senn, sbr. 53. gr. laga nr. 78/1997. Sóknarnefndarmenn eru þannig ekki starfsmenn þjóðkirkjunnar í skilningi a-liðar 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 heldur kjörnir fulltrúar sóknarinnar. Þegar af þeiri ástæðu verður að vísa frá kröfum málshefjanda um að þessum gagnaðilum verði veitt áminning. Leiðir því af sjálfu sér að úrskurðarnefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort þessir gagnaðilar hafi orðið berit að agabroti í skilningi 12. gr. laganna.

6.2.2 Kröfur málshefjanda á hendur gagnaðila D

a. Gagnaðili D hafi ekki staðið við sáttargjörð hjá vigslubiskupi 10. apríl 2004

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðili D hafi sýnt af sér alvarlegan trúnaðarbrest gagnvart honum og að hún hafi ekki staðið við þá sáttargjörð sem gerð var hjá vigslubiskupi 10. apríl 2004 heldur starfað með gagnaðilum B og C að því að reyna að koma málshefjanda úr embætti. Gagnaðili D mótmælir því eindregið að hún hafi ekki staðið við umrædda sáttargjörð.

Ekkert í gögnum málsins rennir stoðum undir þá fullyrðingu málshefjanda að gagnaðili D hafi ekki staðið við sáttargjörðina frá 10. apríl 2004. Málshefjandi nefnir og engin dæmi fullyrðingum sínum til stuðnings. Gegn eindregnum mótmælum þessa gagnaðila verður að teljast ósannað að hún hafi ekki staðið við umrædda sáttargjörð.

b. Gagnaðili D hafi staðið fyrir hótunum og einelti gegn málshefjanda

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðili D hafi staðið fyrir hótunum og einelti gegn sér.

Fyrir liggur í gögnum málsins að eiginmaður gagnaðila D sendi málshefjanda óviðeigandi sms-skilaboð. Gagnaðili D hefur ítrekað fullyr að hún hafi ekki vitað af þeim skeytasendingun. Þá hefur hún beðið málshefjanda afsökunar á þessum sendingum f.h. eiginmanns síns.

Úrskurðarnefnd telur að gagnaðili D geti ekki borið ábyrgð á athöfnum eigin-manns síns. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um það að þessi gagnaðili hafi staðið fyrir hótunum og einelti gegn málshefjanda. Fullyrðingar málshefjanda þar að lútandi séu því ósannaðar.

c. *Gagnaðili D hafi gerst sek um aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum um málshefjanda í greinargerð dags. 25. júlí 2004*

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðili D hafi gerst sek um aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum sínum um málshefjanda í greinargerð sinni um málið frá 25. júlí 2004. Gagnaðili D mótmælir þessum fullyrðingum.

Engin sérstök dæmi um niðrandi ummæli í greinargerðinni eru tilgreind af hálfu málshefjanda og í engu eru rökstuddar þær fullyrðingar að með greinargerðinni hafi hún gerst sek um aga- og trúnaðarbrot. Í greinargerð gagnaðila D frá 25. júlí 2004 fjallar hún um samskiptamál í ...sókn frá sínum sjónarhlí. Úrskurðarnefnd telur ekki að orðfæri í greinargerðinni sé með þeim hætti að gagnaðili D hafi með því gerst sek um aga- og trúnaðarbrot.

d. *Gagnaðili D hafi grafið undan starfi málshefjanda gagnvart sóknarbörnum*

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðili D hafi grafið undan starfi hans gagnvart sóknarbörnum með hegðun sinni og framkomu. Gagnaðili D mótmælir þessum fullyrðingum málshefjanda. Sama gerir gagnaðili E.

Málshefjandi færir engin frekari rök fyrir þessari fullyrðingu sinni og í gögnum málsins er ekki að finna neitt sem rennir stoðum undir þær. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila Nönnu Guðrúnar verður að telja þessar fullyrðingar málshefjanda ósannaðar.

e. *Gagnaðili D hafi aldrei upplýst málshefjanda um störf sín*

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðili D hafi aldrei í sjö ár upfyllit þá skyldu sína að upplýsa hann reglulega um störf sín. Gagnaðili D mótmælir harðlega þessum fullyrðingum og segir þær ekki eiga við nokkur rök að styðjast.

Í gögnum málsins er ekkert að finna sem styður þessa fullyrðingu málshefjanda. Fyrir liggur að starfsfólk sóknarinnar, þ.á m. málshefjandi og gagnaðilar djákni og prestur funda reglulega um starfið í sókninni. Sú staðreynd gerir þessa fullyrðingu málshefjanda ótrúverðuga. Sömuleiðis eru engar visbendingar um að málshefjandi hafi kvartað yfir þessum atriðum varðandi störf gagnaðila D fyrir en eftir sóknarnefndarfundinn 29. janúar 2004, hvorki við sóknarnefndina sjálfa, sem réð þennan gagnaðila til starfa né við prófast eða biskup, en samkvæmt erindisbréfi djákna lúta þeir umsjón héraðsprófasts og biskups í störfum sínum. Telja verður því þessar fullyrðingar málshefjanda ósannaðar.

f. *Gagnaðili D hafi sagt málshefjanda alvarlega veikan*

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðili Nanna Guðrún hafi á sóknarnefndarfundi í heyranda hljóði skýrt frá því að málshefjandi væri alvarlega veikur maður. Gagnaðili D mótmælir harðlega þessum fullyrðingum málshefjanda.

Engin gögn málsins styðja þessa fullyrðingu málshefjanda. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila D verður að telja þessar fullyrðingar málshefjanda ósannaðar.

g. *Gagnaðili D hafi reyni að standa í veki fyrir námskeiði um grunnatriði matreiðslu*

Málshefjandi fullyrðir að gagnaðili D hafi reynt að standa í veki fyrir námskeiði um grunnatriði matreiðslu. Gagnaðili D mótmælir þessari fullyrðingu málshefjanda.

Í fundargerð sóknarnefndar frá 18. janúar 2005 skýrir gagnaðili E frá því að námskeið verði um matreiðslu fyrir eldri borgara. Bókað er eftir gagnaðila D að

hún teldi eiddhús safnaðarheimilisins ekki heppilegt til þeirra hluta, en hugmyndin væri góð. Bókað er einnig að gagnaðili E hafi tekið undir að staðarvalið væri óheppilegt.

Í þessari bókun fundargerðar söknamrefndar er ekki sem réttlætir þá fullyrðingu málshefjanda að gagnaðili D hafi reynt að standa í vegi fyrir umræddu námskeiði. Fram kemur að hún benti á að húsnæðið undir námskeiðið væri óheppilegt og undir þau ummæli hafi gagnaðili E tekið.

Niðurstaða

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að engar þær fullyrðingar sem málshefjandi hefur haldið fram réttlæti það að gerð sé tillaga um það að gagnaðili D verði flutt til i starfi, eins og málshefjandi krefst. Úrskurðarnefndin tekur á hinn bóginn að það hafi verið ámælisvert af hálfu gagnaðila D að koma athugasemdum sínum við störf málshefjanda á framsæri við söknamrefnd með þeim hætti sem hún gerði. Báðir þessir málsaðilar eru vígðir þjónar kirkjunnar. Umkvörtunarefni sín hefði hún átt að bera fyrst undir prófast. Sóknarnefndarfundur er ekki vettvangur til að hefja umsjöllun af þessu tagi. Þá telur úrskurðarnefndin það ámælisvert að gagnaðili D skuli ekki fyrri en í júní 2004 hafa fallist á að athugasemdaþréf hennar yrði afhent málshefjanda. Þótt þessi háttsemi sé ámælisverð telst hún ekki agabrot í skilningi 12. gr. laga nr. 78/1997. Kröfu málshefjanda um að gagnaðili D verði flutt til i starfi er því hafnað.

6.2.3 Kröfur málshefjanda á hendur gagnaðila E

a. Gagnaðili E hafi tekið þátt í aðförrinni að málshefjanda

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðili E hafi ásamt gagnaðila D tekið þátt í aðförrinni að sér. Gagnaðili E mótmælir því að hann hafi með einhverjum sérstökum hætti blandað sér í deilur málshefjanda annars vegar og gagnaðila B, C og D hins vegar.

Þessi málsástæða málshefjanda fyrir kröfu sinni á hendur gagnaðila E er órókstudd og óljóst er til hvers er vísað hér af hálfu málshefjanda. Fyrir liggar í gögnum málsins að milli málsaðila hefur verið viðvarandi samskiptavandi. Að virtum gögnum málsins verður ekki talið að í framgöngu gagnaðila E í þeim samskiptavanda sem uppi er, hafi falist aðförl á hendur málshefjanda.

Gagn mótmælum gagnaðila E verður að telja þessa fullyrðingar málshefjanda ósannaða.

b. Gagnaðili E hafi framið aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum um málshefjanda í greinargerð dags. 19. júlí 2004

Málshefjandi heldur því fram að gagnaðili E hafi framið aga- og trúnaðarbrot með niðrandi ummælum sínum um málshefjanda í greinargerð um málið dags. 19. júlí 2004. Gagnaðili E mótmælir því að í greinargerð hans felist aga- eða trúnaðarbrot.

Greinargerð gagnaðila E dags. 19. júlí 2004 er stíluð á prófast og afrit hennar var sent til vinnusálfraðings þess sem fenginn var til vinnu í ...sókn vegna þeirra mála sem þar voru í gangi. Fram kemur í greinargerðinni að hún sé tekin saman að beiðni söknamrefndar. Úrskurðarnefnd telur það ámælisvert af hálfu gagnaðila E að fara að fyrirmælum söknamrefndar og taka saman þessa greinargerð. Hann lýtur ekki boðvaldi söknamrefndar og er ekki starfsmaður hennar. Honum bar því engin skylda til að hlýða þessum boðum söknamrefndar um samantekt á greinargerð um samstarf sitt og málshefjanda.

Þá verður ekki hjá því komist að telja að margvíslegt orðalag í greinargerð E sé brot á siðareglum presta, einkum grein 3.2. Ummæli af þeim toga sem viðhöfð eru í greinargerðinni þar sem prestur talar um samstarfsmann sinn, sóknarprestinn, eru til þess fallin að valda samstarfsleiðileikum milli þeirra, hafi samstarfsleiðileikar ekki verið fyrir hendi áður, eða auka á samstarfsleiðileika sem fyrir hendi kunna að hafa verið. Þá sýnast þessi skrif og brot gegn grein 3.6. í siðareglum presta.

Brot á siðareglum presta telst brot á agareglum samkvæmt skilgreiningu þeirri sem áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar lagði til grundvallar í máli nr. 1/1999. Telja verður því að gagnaðili E hafi með margvíslegu orðalagi sínu í greinargerð sinni frá 19. júlí 2004 gerst sekur um agabrot skv. 12. gr. laga nr. 78/1997.

Niðurstaða

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar tehr að með margvíslegu orðalagi í greinargerð sinni frá 19. júlí 2004 hafi gagnaðili E gerst sekur um brot á siðareglum presta og þar með gerst sekur um agabrot í skilningi 12. gr. laga nr. 78/1997.

Úrræði við agabroti skv. 12. gr. laga nr. 78/1997 eru áminning, tilflutningur í starfi, fráhvarf frá núverandi starfi eða köllun af kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar og endanleg brottvikning úr starfi.

Málshefjandi krefst þess að gagnaðili E verði fluttur til í starfi. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að þó gagnaðili hafi gerst sekur um agabrot með ýmsum ummælum í áðurnefndri greinargerð þá sé það agabrot ekki svo stórfellt að það réttlæti tillögu um að hann skuli fluttur til í starfi. Úrskurðarnefnd telur hins vegar að til greina hefði komið að veita gagnaðila E áminningu fyrir þessi ummæli. Engin slik krafa hefur komið fram að hálfu málshefjanda og verður því ekki frekar fjallað um það atriði.

6.2.4 Kröfur gagnaðila B og C á hendur málshefjanda

- Fjöldi hæfра manna hafi hætt störfum fyrir ...sókn eftir að málshefjandi kom þar til starfa

Gagnaðilar B og C fullyrða að frá því að málshefjandi kom til starfa við ...sókn hafi fjöldi hæfра manna hætt störfum fyrir sóknina. Málshefjandi mótmælir því að samstarfsörðugleikar við hann hafi valdið því að þessir starfsmenn hafi látið af störfum.

Í gögnum málsins eru engar yfirlýsingar sem staðfesta þessar fullyrðingar gagnaðila um að þeir fyrrum starfsmenn sem þeir tilgreina hafi horfið frá störfum í sókninni vegna samstarfsörðuleika við málshefjanda. Gegn eindregnum mótmælum málshefjanda verður að telja ósannað að hann hafi átti sök á því að nafngreindir einstaklingar hafa horfið frá störfum hjá ...sókn.

- Málshefjanái sé ófær um eðlileg samskipti við samstarfsfólk sitt

Gagnaðilar B og C halda því fram að málshefjandi sé ófær um eðlileg samskipti við samstarfsfólk sitt og eigi erfitt með að sjá aðrar hliðar á málum en hans eigin. Málshefjandi mótmælir þessum fullyrðingum gagnaðila.

Óhöggud stendur sú efnislega niðurstaða af vinnu sálfræðingsins að niðurstaða rannsókna hans vitni með skýrum hætti um vangetu málshefjanda til samskipta og samvinnu á vinnusvæði. Þótt landlæknir hafi gert athugasemdir við vinnubrögð sálfræðingsins þá gerir hann ekki efnislega athugasemd við niðurstöður hans.

Telja verður því sannað að rót þess vanda sem verjö hefur í ...sókn undanfarið liggi að verulegu leyti í vanhæfni málshefjanda til að hafa eðlileg samskipti við samstarfsfólk sitt.

c. *Orðfæri málshefjanda á stundum sæmi ekki sóknarpresti*

Gagnaðilar B og C halda því fram að orðfæri málshefjanda hafi á stundum verið með þeim hætti að það geti engan veginn sæmt einstaklingi í þessari stöðu. Málshefjandi mótmælir þessum fullyrðingum.

Engin sérstök dæmi eru nefnd til stuðnings fullyrðingum gagnaðila um vansæmandi orðfæri málshefjanda. Engin gögn hafa heldur verið lögð fram þeim til stuðnings. Gegn mótmælum málshefjanda verður því að telja þessa fullyrðingu gagnaðila B og C um málshefjanda ósannaða.

d. *Málshefjandi hafi ítrekað rofið sáttargjörðir eftir sóknarnefndarfundinn 29. janúar 2004*

Gagnaðilar B og C telja, og benda á að prófastur staðfesti það, að málshefjandi hafi ítrekað rofið sáttargjörðir sem gengið hafði verið frá með formlegum hætti. Málshefjandi mótmælir því að hann hafi rofið sáttargjörðir og ber gagnaðila D sömu sökum.

Í gögnum málsins kemur fram að á fundi prófasts með málshefjanda og gagnaðila D 24. febrúar 2004 hafi þessir aðilar handsalað sáttargjörð. Á fundi 1. apríl hjá prófasti fullyrti málshefjandi að gagnaðili D hefði rofið sáttina og það hafi orðið til þess að hann hafi leitað sér lögmannsaðstoðar. Á fundinum ítrekaði hann fyrri kröfur um að gagnaðili D fengi áminningu og að sóknarnefnd leysti hana frá störfum. Rof gagnaðila D mun hafa falist í því að hún benti á, þegar málshefjandi tilkynnt um jarðarför á þriðjudagi, að samþykkt hefði verið í samstarfsfundi að reyna að að forðast það að hafa jarðarfari og þar með erfisdrykkjur í ...sókn á þriðjudögum.

Það atvik sem málshefjandi tilgreinir sem rof gagnaðila D á sáttargjörðinni getur ekki talist nægilegt tilefni til þess að rjúfa þá sátt sem handsöluð hafði verið hjá prófasti. Þá verður að gera athugasemd við það að málshefjandi skyldi ekki strax og hann taldi sáttina rofna hafa haft samband við prófast til að ræða nýja stöðu. Þetta gerði málshefjandi ekki heldur ákvað hann einhliða að sáttin væri rofin og endurvakti kröfur sínar um brottvilkningu gagnaðila djákna.

e. *Málshefjandi hafnaði boði biskups um handleiðslu*

Gagnaðilar B og C telja að það hafi verið sérlega ámælisvert af málshefjanda að hafna boði biskups Íslands um handleiðslu. Málshefjandi mótmælir því að hann hafi hafnað slika boði.

Fyrir liggur í gögnum málsins að málshefjanda og öðrum starfsmönnum ...sóknar var boðin starfshandleiðsla af hálfu embættis biskups í bréfi biskups frá 14. júlí 2004. Í gögnum málsins kemur fram að málshefjandi hafnaði þessu boði og hefur ekki tekið þátt í starfshandleiðslu þeirri sem biskup bauð upp á.

Af bréfi biskups frá 14. júlí 2004 er ljóst að hann taldi þörf á því að vígðir þjónar í ...sókn fengju handleiðslu og bauð hann þeim slika aðstoð. Verður að telja að í því tilboði hafi í raun falist fyrirmæli biskups um að þessir aðilar skyldu þiggja starfshandleiðslu, enda lá fyrir að allar aðrar tilraunir til sáttu höfðu ekki boríð árangur. Þessum tilmælum sinnti málshefjandi ekki og verður að telja að með því hafi hann brotið gegn löglegum tilmælum biskups. Telst það agabrot skv. 12. gr. laga nr. 78/1997.

f. Málshefjandi hafi komið í veg fyrir sættir í málínu

Gagnaðilar B og C telja að það sé málshefjanda að kenna að allar tilraunir til sáttu hafi reynst árangurslausar. Málshefjandi mótmælir því að hann hafi komið í veg fyrir sættir og fullyrðir að hans vilji til sáttu hafi allan tímann verið mjög mikill.

Af gögnum málsins er ljóst að málshefjandi átti sinn þátt í því að sáttargjörðin frá 24. febrúar rofnaði. Þá liggur fyrir að að hann þáði ekki tilboði biskups um starfshandleiðslu. Loks liggur fyrir að hann hefur í tvígang hafnað boði biskups um flutning í annað starf sem leið til að laga þann samstarfsvanda sem verið hefur í ...sókn. Fjölmörgum tilraunum til sáttu og lausnar á málínu hefur því verið hafnað af hálfu málshefjanda.

Að vörtum gögnum málsins telur úrskurðarnefndin því að málshefjandi beri mesta ábyrgð á því að sættir hafa ekki náðst í málum þeim sem í gangi hafa verið í ...sókn.

g. Osannsögli málshefjanda

Gagnaðilar B og C telja að málshefjandi eigi létt með að hagræða sannleikanum og hafi skv. gögnum málsins sett viðitandi fram rangar fullyrðingar til að ná fram þeim niðurstöðum sem hann leitar eftir. Málshefjandi mótmælir þessum fullyrðingum.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að málshefjandi hafi gerst sekur um ósannsögli. Gagn eindregnum mótmælum hans verður að telja þessa fullyrðingu ósannaða.

h. Afhending trúnaðargagna

Gagnaðilar B og C benda á að málshefjandi hafi viðurkennt á sóknar-nefndarfundi að hann hafi afhent gögn úr þessu málí til sóknarbarna Með því hafi hann að mati þessara gagnaðila brotið með grófum hætti gegn trúnaðarskyldum sínum. Ekki er að sjá í gögnum málsins að málshefjandi mótmæli því að hann hafi afhent sóknarbörnum skjöl úr málínu.

Meðal gagna málsins eru nokkur bréf og tölvupóstar frá sóknarbörnum þar sem glöggt má ráða að umræddir einstaklingar hafa fengið upplýsingar um þann ágreining sem leitast hefur verið við að leysa innan sóknarinnar. Fyrir liggur af umræddum gögnum að í einhverjum tilvika fengu sóknarbörnin þau frá málshefjanda og er það staðfest af honum sjálfum í fundargerð sóknarnefndar frá 3. nóvember 2004. Þá liggur fyrir í gögnum sem málshefjandi lagði fram, tölvupóstur dags. 17. ágúst 2004 sem forstjóri heilbrigðisstofnunar í sókninni sendi lögmanni hans. Í þeim tölvupósti kemur fram að málshefjandi hafi deginum áður, þegar hann hitti málshefjanda, sagt honum í nokkrum orðum frá þeim vandamálum sem hann ætti við að etja í samskiptum við sitt nánasta samstarfsfólk. Málshefjandi hafi talið rétt að upplýsa hann um málid vegna þeirra tengsla sem stofnunin og gagnaðili djákni hefðu við hið kirkjulega starf þar.

Úrskurðarnefnd telur að með því að dreifa gögnum úr málí þessu til sóknarbarna og með samtali sínu við framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar í sókninni hafi málshefjandi misnotað stöðu sína sem sóknarprestur til að fá fram stuðning eða samuð sóknarbarua og annarra, í hagsmunaskyni fyrir hann sjálfan, m.a. til þess að afla stuðnings við sig í þeim ágreiningi sem uppi var meðal nokkura starfsmanna sóknarinnar og sóknarnefndar. Með því var málshefjandi að misnota stöðu sína sem sóknarprestur því prestþjónustan er óskilyrt, og telja verður að presti sé óheimilt að óska eftir opinberum stuðningi fyrir veitta sálusorgun, þegar um mál af þessu tagi er að ræða. Með þessari háttsemi verður að telja að málshefjandi hafi brotið grein 2.5. í siðareglum presta. Þá verður að telja að málshefjandi hafi með þessari háttsemi brotið gegn þagnarskylduákvæði 4.1. í sömu siðareglum. Þessi brot teljast bæði aga-og siðferðisbroi.

i. Bréf málshefjanda til vinnuveitanda eiginmanns gagnaðila D

Gagnaðilar B og C telja málshefjanda hafa brotið gegn trúnaðarskyldum sínum með því senda trúnaðargögn í málinu til vinnuveitanda eiginmanns gagnaðila með bréfi sem stimplað var með stimpli „sóknar.“

Málshefjandi hefur lagt fram bréf það sem hann sendi vinnuveitanda eiginmanns gagnaðila D. Bréfið er stimplað með embættisstimpli prestakallsins. Þrátt fyrir áskorun hefur málshefjandi ekki upplýst hvort hann hafi sent með bréfinu trúnaðargögn úr málinu, en hann hefur ekki mótmælt því að svo sé.

Úrskurðarnefnd telur að með því að nota embættisstimpil „sóknar“ í bréfi til utanáökandi aðila um mál sem varðaði samskiptavanda innan sóknarinnar hafi málshefjandi misnotað stöðu sína sem sóknarprestur og ekki gætt virðingar kirkjunnar og sóma stéttarinnar eins og honum ber. Þessi háttsemi telst varða við grein 2.9. í siðareglum presta. Þar sem málshefjandi hefur ekki mótmælt því að bréfinu hafi fylgt trúnaðarskjöl i málinu verður að telja að þær fullvirðingar séu réttar og að með því hafi málshefjandi brotið þagnarskylduákvæði 4.1. í sömu siðareglum. Þessi brot teljast bæði aga- og siðferðisbrot.

Niðurstaða

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að í mörgum þeim ávirðingum sem gagnaðilar B og C hafa borið á málshefjanda felist agabrot eða aga- og siðferðisbrot. Krafa þessara gagnaðila er sú að málshefjandi verði fluttur til í starfi og til vara að honum verði veitt áminning. Áminning er vægasta úrtæði við aga- og siðferðisbroti. Eins og mál betta er vaxið telur úrskurðarnefndin að ekki verði hjá því komist að leggja til að málshefjandi verði fluttur til í starfi.

6.2.5 Kröfur gagnaðila D á hendur málshefjanda

Um þessar kröfur vísast til umfjöllunar um kröfur gagnaðila B og C enda vísar þessi gagnaðili til rökstuðnings þeirra fyrir kröfum sínum.

6.2.6 Kröfur gagnaðila E á hendur málshefjanda

Gagnaðili E krefst þess að málshefjandi verði beittur viðurlögum samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 fyrir tilhæfulausar kröfur á hendur honum og aðdróttanir um aga-og trúnaðarbrot.

Eins og fram kemur hér að framan telur úrskurðarnefnd að gagnaðili E hafi gerst sekur um agabrot gegn málshefjanda með margvislegu orðalagi í greinargerð hans frá 19. júlí 2004. Kröfur málshefjanda á hendur gagnaðila E eru því ekki tilhæfulausar. Þegar af

þeirri ástæðu er ekki hægt að fallast á það að beita eigi málshefjanda sérstökum viðurlögum samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 vegna þessara krafna.

6.2.7 Málskostnaður

Skv. 19. gr. starfsreglna nr. 730/1998 með síðari breytingu skal hver málsaðili bera sinn kostnað vegna lögmannsaðstoðar við málid. Kostnaður af stórfum úrskurðarnefndar greiðist úr Kristnisjóði skv. sama ákvæði.

siðferðisbrotum. Vægasta úttæði sem úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar getur lagt til vegna slikra brota er áminning. Á liðlega einu ári er búið að reyna til þrautar öll þau úttæði sem unnt er að gripa til til að leysa vandann. Í ljósi þess telur úrskurðarnefndin að áminning nægi ekki til að leysa þann vanda sem uppi er. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur því að ekki verði hjá því komist að leggja til við biskup Íslands að málshefjandi verði fluttur til í starfi skv. b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.


Úrskurðarorð:

1. Kröfu málshefjanda um það að gagnaðilum B og C verði veitt áminning skv. a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 er vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.
2. Hafnað er kröfu málshefjanda um að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar geri tillögu um að gagnaðili D verði flutt til í starfi sbr. b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.
3. Hafnað er kröfu málshefjanda um að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar geri tillögu um að gagnaðili E verði fluttur til í starfi sbr. b-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.
4. Að kröfu gagnaðila B, C og D er lagt til við biskup Íslands að málshefjandi verði fluttur til í starfi, sbr. b-lið 12. gr. laga nr. 78/1997.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.

Reykjavík, 14. apríl 2005.


Dógg Pálsdóttir


Amfíður Einarsdóttir


Þorbjörn Hlynur Árnason